„jeg husker paa at fader og Moder tidt lytte til og dem maa man give lidt for Tanken!“

Eru ævintýri H. C. Andersens fyrir börn eða fullorðna?

María Ósk Þorvarðardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Félagsvísindasvið

HÁSKÓLI ÍSLANDS

„jeg husker paa at fader og Moder tidt lytte til og dem maa man give lidt for Tanken!“

Eru ævintýri H. C. Andersens fyrir börn eða fullorðna?

María Ósk Þorvarðardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði
Leiðbeinandi: Aðalheiður Guðmundsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© María Ósk Þorvarðardóttir 2014
180790-2769

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2014

Útdráttur

Skálduð ævintýri nefnast listævintýri og sækja höfundar þeirra sér efnivið sinn í munnmælasagnir. Danski rithöfundurinn Hans Christian Andersen er einn þeirra höfunda sem sóttu með þeim hætti í hefð munnmælaævintýra og skrifaði og gaf út rúmlega 150 listævintýri. Í þessari ritgerð eru ævintýri hans skoðuð út frá orðum hans sjálfs, sem eru enn varðveitt í bréfi sem hann sendi ljóðskáldinu Bernhard Severin Ingemann árið 1843. Þar sagði hann að hann hefði fullorðna í huga þegar kæmi að því að semja ævintýri. Leitast verður eftir að kanna þessa tilteknu fullyrðingu Andersens með því að skoða tíu af ævintýrum hans og athuga hvort skilaboð til fullorðinna kunni að leynast í þeim. Ævintýrin sem um ræðir eru: *Nýju fötin keisarans, Staðfasti tindátinn, Murusóleyin, Svínahirðirinn, Óli Lokbrá, Næturgalinn, Litli ljóti andarunginn, Stoppunálin, Rauðu skórnir* og *Litla stúlkan með eldspýturnar*.

Rannsóknin leiddi í ljós að öll tíu ævintýrin hafa að geyma skilaboð til fullorðinna og er því hægt að segja að Andersen hafi talað til fullorðinna í gegnum börn. Ákveðin viðfangsefni voru áberandi í ævintýrunum tíu og var þá helst um að ræða ádeilu á stéttaskiptingu og listir, og skilaboð um mikilvægi náungakærleikans og að hlúa að andlegum hlutum. Andersen fann því farveg fyrir skilaboð sín til fullorðinna í gegnum þau ævintýri sem að jafnaði voru lesin fyrir börn.

Formáli

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum fyrir góða leiðsögn og ábendingar við skrifin. Einnig vil ég þakka þeim sem hafa stutt mig meðan á skrifunum stóð og þeim sem voru tilbúnir til að taka sér tíma fyrir yfirlestur.

Efnisyfirlit

Útdráttur 3
Formáli 4
1 Inngangur 6
2 Rannsóknarsaga 8
2.1 Ævintýri 8
2.2 Listævintýri 9
2.3 Ævintýri og börn/mismunandi aldursskeið 11
3 Ævintýrin 13
3.1 Hans Christian Andersen 13
3.2 Ævintýri H. C. Andersens 14
3.3 Valin ævintýri 16
3.3.1 Nýju fötin keisarans 17
3.3.2 Murusóleyin 17
3.3.3 Staðfasti tindátinn 18
3.3.4 Óli Lokbrá 18
3.3.5 Svínahirðirinn 19
3.3.6 Næturgalinn 19
3.3.7 Litli ljóti andarunginn 20
3.3.8 Stoppunálin 21
3.3.9 Rauðu skórnir 21
3.3.10 Litla stúlkan með eldspýturnar 22
4 Skilaboð Andersens til fullorðinna og/eða barna 23
4.1 Foreldrarnir hlusta líka 23
4.1.1 Nýju fötin keisarans 24
4.1.2 Murusóleyin 25
4.1.3 Staðfasti tindátinn 26
4.1.4 Óli Lokbrá 27
4.1.5 Svínahirðirinn 28
4.1.6 Næturgalinn 29
4.1.7 Litli ljóti andarunginn 30
4.1.8 Stoppunálin 32
4.1.9 Rauðu skórnir 33
4.1.10 Litla stúlkan með eldspýturnar 35
4.2 Sameiginlegur boðskapur ævintýranna 36
4.3 Barna- og/eða fullorðinsævintýri 39
Niðurstöður 44
Heimildaskrá 46
Viðauki 50

1 Inngangur

Ævintýri hafa fylgt manninum frá örófi alda og hvert mannsbarn í heiminum hefur eflaust einhvern tímann á lífsleiðinni heyrt eða lesið ævintýri. Þrátt fyrir þá staðreynd að ekki sé mögulegt að tímasetja nákvæmlega hvenær maðurinn fór að segja ævintýri þá er það hins vegar vitað að sögur voru sagðar allt frá því að talað mál tók að þróast (Zipes, 2012: 2). Ævintýri hafa þó ekki haldið sér í sömu mynd skilyrðislaust þrátt fyrir langlífi. Þau lifa í jafnmörgum útgáfum og sagðar hafa verið eða skráðar, og gefur það augaleið að ekki er um að ræða ófáar útgáfur. Nefna má dæmi um ævintýri eða ævintýraminni sem eru alkunn um heim allan og eru það ævintýri á borð við *Rauðhettu*, *Öskubusku* og *Þyrnirós*. Þessi ævintýri eru þess eðlis að þau hafa flakkað manna á milli og mótast með hverri endursögn. Ævintýri eru því í stöðugri þróun og mótun og jafnvel eftir að ritun hófst héldu ævintýrin áfram að breytast (Zipes, 2012: 21).

Listævintýri eru annars eðlis en munnmælaævintýri og frábrugðin þeim á nokkra vegu. Listævintýrin eru fastmótaðri en munnmælaævintýrin. Ein af aðalforsendum þess að hægt er að skilgreina ævintýri sem listævintýri er sú að það sé samið af ákveðnum höfundi (sjá kafla 2.2). Þau mótast því ekki í munnlegri hefð og breytast þar af leiðandi ekki við hverja frásögn líkt og alþýðuævintýrin gera. Aftur á móti er ekki hægt að útiloka það að listævintýri breytist við endursögn eða endurútgáfu. Þótt listævintýri byggi á efni úr munnlegri hefð eru þau eftir sem áður bókmenntir.

Flestir kannast við danska rithöfundinn Hans Christian Andersen en hann samdi rúmlega 150 listævintýri og eru þau mörgum kunn um heim allan. Þó er hægt að halda því fram að ævintýraskrif hafi ekki fangað hug hans alla tíð, frá því hann flutti að heiman og kom sér fyrir í Kaupmannahöfn og stefndi þar á að öðlast frægð og frama. Hann þreifaði sig nefnilega áfram í hinum ýmsu listgreinum en allt kom fyrir ekki. Það var ekki fyrr en hann hóf að skrifa ævintýri, og sér í lagi þegar hann gaf út sitt allra fyrsta ævintýrahefti, að hann fór að taka eftir árangri af verkum sínum. Ævintýrin urðu þess valdandi að Andersen öðlaðist nokkra frægð, sem fór sífellt vaxandi og hefur lifað til dagsins í dag (sjá kafla 3.1). Ævintýri Andersens, rétt eins og öll önnur listævintýri, tengjast munnmælaævintýrum. Fyrstu ævintýri hans hafa meiri tengsl við munnmælaævintýri en mörg af síðari ævintýrum hans, þar sem þau eru í raun endursögn á munnmælaævintýrum sem hann hafði heyrt sem barn. Frá þessu sagði Andersen sjálfur og minntist á í athugasemdum við ævintýrin sín (sjá kafla 3.2).

Að öllum líkindum hafa flestir komist í kynni við ævintýri Andersens í æsku, og þá annað hvort við einstaklingsbundinn lestur eða við upplestur annarra. Það sem vekur athygli við þá staðreynd er að Andersen var ekki einvörðungu að semja ævintýri sín fyrir börn heldur hafði hann fullorðna einnig í huga. Í bréfi nokkru sem Andersen sendi til ljóðskáldsins Bernhard Severin Ingemann árið 1843 segir hann frá því að hann sé hættur að nýta eldri munnmælaævintýri við gerð eigin ævintýra. Þar tekur hann einnig fram að hann hafi fullorðna í huga þegar hann semji ævintýrin og ítreki það við sjálfan sig að foreldrar hlusti einnig á ævintýrin þegar lesið er fyrir börnin (sjá kafla 4.1). Andersen var því að segja að hann væri í raun að miðla ævintýrum sínum til fullorðinna í gegnum börnin. Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar verður því að komast að því hvort sú sé raunin og hvaða aðferðum hann beitir þá í þeim tilgangi.

Hvernig er hægt að sýna fram á að Andersen hafi meðvitað verið að skrifa til fullorðinna í gegnum börn? Hvaða atriði í ævintýrum hans höfða fremur til fullorðinna en barna? Þetta verða helstu rannsóknarspurningar þessarar ritgerðar og leitast verður við að svara þeim. Til þess að geta sýnt fram á að Andersen hafi aðallega verið að skrifa til fullorðinna verða tíu af ævintýrum hans tekin fyrir og þau greind.

Ritgerð þessi er byggð upp á þann veg að í öðrum kafla hennar verður farið yfir rannsóknarsögu ævintýra og listævintýra, og litið á tengsl milli ævintýra og mismunandi aldursskeiða fólks. Annar kafli byggir þar af leiðandi grunninn fyrir það sem fjallað verður um síðar í ritgerðinni. Þriðji kaflinn greinir frá H. C. Andersen og ævi hans. Einnig verður fjallað um ævintýraskrif Andersens í þeim kafla og sagt frá því hvaða ævintýri urðu fyrir valinu fyrir þá athugun sem hér er gerð og af hverju. Að lokum eru stuttir útdrættir úr þeim tíu ævintýrum sem voru valin í þeim tilgangi að kynna efni þeirra. Í fjórða, og jafnframt síðasta kaflanum, verður leitast við að svara rannsóknarspurningunum og verða þá ævintýrin tíu greind út frá þeim. Að lokum verður fjallað um sameiginlegan boðskap og endurtekin stef ævintýranna og einatt lagt kapp á að skoða hvort fræðimenn telji ævintýri Andersens höfða til fullorðinna fremur en til barna eða öfugt.

2 Rannsóknarsaga

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknarsögu ævintýra og hugtök líkt og ævintýri og listævintýri skilgreind. Einnig verður litið á helstu kenningar fræðimanna um að ævintýri höfði sérstaklega til barna.

2.1 Ævintýri

Hvað eru ævintýri? Flestir, ef ekki allir, hafa einhvern tímann á ævi sinni heyrt eða lesið ævintýri, hvort sem um er að ræða alþjóðleg ævintýri eða ævintýri sem einvörðungu þekkjast á afmörkuðu svæði. Þó svo að fólk viti deili á ævintýrum þá þýðir það ekki endilega að einstaklingar átti sig á merkingu hugtaksins. Ævintýri eru sögur sem eru ekki nýjar af nálinni og hægt er að rekja uppruna þeirra til munnlegrar hefðar (Zipes, 2012: 2). Einar Ól. Sveinsson, einn helsti fræðimaður á sviði íslenskra ævintýra, segir fyrstu ævintýrasöguna vera frá Egyptalandi og nefnist hún *Sagan af Anúpu og Bata*. Einar tekur það þó fram í neðanmálsgrein að hann vilji raunar ekki fullyrða um að ævintýrasögur séu af sama meiði og ævintýri, heldur séu þær fornar sögur sem innihalda svipað efni og er í þeim ævintýrum sem flestir þekkja (Einar Ól. Sveinsson, 1940: 27-28 og 214). Ævintýri hafa því lengi verið meðal manna í einhvers konar formi.

Ævintýri (þ. *Märchen*) er annar af tveimur flokkum þjóðsagna, en í þessari ritgerð verður ekki nánar fjallað um hinn flokkinn, það er að segja, sagnir (Einar Ól. Sveinsson, 1940: 12). Einar rekur uppruna orðsins „ævintýri“ í bók sinni *Um íslenzkar þjóðsögur* og segir að það sé upprunalega komið af fornfrönsku orði, *aventure*, sem stendur fyrir ákveðinn atburð og þá sérstaklega ef atburðurinn er einkennilegur á einhvern hátt eða með öðrum orðum ævintýralegur. Orðið getur einnig staðið fyrir frásögn af sams konar atburði. Einar telur að efni ævintýranna geti bæði verið náttúrulegt og yfirnáttúrulegt en það sé frekar notað um kynjasagnir heldur en þjóðtrúarsagnir (Einar Ól. Sveinsson, 1940: 213).

Allnokkrir fræðimenn hafa skoðað ævintýri og ýmist reynt að rekja uppruna þeirra eða þá að greina þau nánar. Vladimir Propp er einn af þeim sem hafa rannsakað ævintýri og lagði hann áherslu á að ævintýrin væru það flókin og fjölbreytt að ekki væri hægt að skoða þau sem heild. Hann hélt því fram að óhjákvæmilegt væri að skipta ævintýrunum niður í hluta og flokka þá og að hans mati er rétt flokkun fyrsta skrefið í vísindalegri nálgun á ævintýri (Propp, 1968: 5). Propp taldi einnig að ef ekki væri hægt að brjóta

ævintýrin niður í smærri einingar þá væri ekki hægt að bera þau saman við önnur ævintýri. Þar með væri í raun ekki hægt að athuga hvort ævintýri einnar þjóðar tengist ævintýri annarrar þjóðar á nokkurn hátt (Propp, 1968: 15). Í bók sinni *Morfologija skazki* frá 1928 greindi Propp rússnesk undraævintýri í 31 frásagnarlið sem hann taldi vera grunn að formfræði ævintýra. Frásagnaliðir þessir fjalla um virkni sögupersónanna í ævintýrum og koma þeir ávallt fyrir í sömu röð (Propp, 1968: 25). Þó að ekki verði lögð sérstök áhersla á formgerð ævintýra í þessari ritgerð er samt sem áður vert að minnast á Vladimir Propp og kenningar hans, þar sem verk hans hafa löngum lifað og eru enn þann dag í dag notuð við rannsóknir á ævintýrum.

Samkvæmt bandarískа bókmenntafræðingnum Mariu Tatar eru ævintýri ekki fastmótaðar sögur. Þar af leiðandi eru þau ekki til í einni ákveðinni útfærslu heldur finnast þau í mörgum tilbrigðum og breytast, að einhverju leyti, í hvert skipti sem þau eru sögð. Einnig telur hún að örðugt sé að finna hina upphaflegu útgáfu af þeim ævintýrum sem við þekkjum í dag eða þá uppruna þeirra (Tatar, 1999: ix). Líta má á skoðun Tatar sem nokkurs konar ádeilu á Antti Aarne, sem aðhylltist hinn svokallaða finnska skóla og var á öðru máli. Þeir sem aðhylltust finnska skólann héldu því fram að mögulegt væri að finna upprunalega gerð ævintýranna (þ. *urform*), hvaðan þau komu og hvernig flutningur þeirra var um gjörvallan heim. Einnig gerðu þeir greinarmun á minni (e. *motif*) og gerð (e. *type*). Gerðin samanstendur af mörgum minnum, og þeir sem aðhylltust finnska skólann flokkuðu ævintýri eftir því hvaða gerð þau tilheyra. Carl Wilhelm von Sydow er einnig einn af þeim sem hefur lagt kapp á að rekja uppruna ævintýra en hann telur að þau komi upphaflega frá indó-evrópskum þjóðum en hafi að lokum færst til annarra þjóða og flakkað á milli þeirra (Einar Ól. Sveinsson, 1940: 36-38). Misjafnar skoðanir hafa því litið dagsins ljós um uppruna ævintýra. Uppruna þeirra ætti hins vegar ekki að vera erfitt að finna ef þau eru samin af einum ákveðnum höfundi eins og listævintýri.

2.2 Listævintýri

Greinarmunur er gerður á því hvort ævintýri sé skráð eftir munnlegri hefð eða samið af höfundi (Zipes, 2012: 2). Síðarnefndu ævintýrin, þau sem samin eru af höfundi, eru kölluð listævintýri (þ. *Kunstmärchen*) en ákveðnar forsendur eru þó nauðsynlegar til að kalla megi ævintýri listævintýri. Að mati bandarísku fræðimannsins Jack Zipes eru forsendurnar fjórar talsins. Þær eru eftirfarandi:

1. Fyrsta forsendan gengur út frá því að listævintýri eru ólík þjóðsagnaævintýrum að því leytinu til að listævintýrin eru samin af einum ákveðnum höfundi.
2. Önnur forsendan segir til um að þar sem listævintýrin eru skrifuð af ákveðnum höfundi þá séu þau margbrotin og jafnvel tilgerðarleg í samanburði við myndun þjóðsagnaævintýra út frá samfélögum, sem eiga það til að vera nokkuð einfeldningsleg enda hafa þau engan ákveðinn höfund.
3. Þriðja forsendan fjallar um það að munurinn á listævintýrum og þjóðsagnaævintýrum feli ekki í sér að önnur tegundin sé æðri hinni.
4. Í fjórða lagi eru listævintýri ekki ein einstök tegund heldur er einvörðungu mögulegt að skilja þau og skoða gaumgæfilega út frá tengslum þeirra við aðrar tegundir ævintýra eða sagna (Zipes, 2000: xv).

Danski fræðimaðurinn Carsten Høgh, þýskufræðingur sem hefur skoðað ófá ævintýri, er á sama máli og Zipes og telur að listævintýri séu skrifuð af einum ákveðnum höfundi en bætir því við að höfundurinn hafi samið ævintýrið á ákveðnum tímapunkti og þá í ákveðnu menningarlegu samhengi. Listævintýrið fjallar þar af leiðandi, upp að ákveðnu marki, um pólitíska, fagurfræðilega eða trúarlega stöðu höfundarins eða þess þjóðfélags sem hann býr í. Það getur þó einnig falið í sér spurningar sem vakna meðal manna alls staðar í heiminum, rétt eins og þjóðsagnaævintýrin, en listævintýrið verður þó hins vegar ávallt litað af ákveðinni hugmyndafræði (Høgh, 1999: 15). Samkvæmt Høgh er því hægt að geta sér til um samfélagið og höfund listævintýris út frá lestri þess. Það er þó einungis hægt upp að ákveðnu marki því hugmyndafræði höfundar hefur ótvíræð áhrif á ævintýrið.

Zipes, sem fyrr var nefndur og er þekktur fyrir að skoða uppruna og þróun ævintýra, segir listævintýri vera frekar nýlega tegund ævintýra sem hafi í upphafi ekki verið nefnd „ævintýri“. Margir höfundar elstu listævintýranna voru vel menntaðir og nýttu sér bæði munnlegan og bóklegan fróðleik þegar þeir sömdu ævintýrin sín. Ævintýrin náðu hins vegar ekki til margra því afar fáir gátu lesið sér til gagns á þeim tíma sem listævintýrin voru að ryðja sér til rúms. Allt frá 13. öld eru til sagnasöfn sem segja má að séu forverar listævintýranna, en frægustu söfn fyrri tíma eru *Kantaraborgarsögur* Chaucers, *Tídægra* eftir Boccaccio og söfn tveggja ítala, þeirra Giovanni Francesco Straparola og Giambattista Basile. Það var þó ekki fyrr en um 1690 að farið var að líta á ævintýri sem sérstaka bókmenntategund í Frakklandi, því þau voru alla jafna skrifuð fyrir efstu stéttir samfélagsins. Á þessum tíma var auk þess mikið af frönskum kvenrithöfundum sem skrifuðu ævintýri og greindu frá þeim á svokölluðum

bókmenntastofum og hafði það sitt að segja um vinsældir ævintýranna. Um 1720 varð listævintýrið að sjálfstæðri bókmenntategund og form og minni ævintýranna urðu þekkt um gjörvalla Evrópu. Listævintýrin hlutu auk þess víðari markhóp á 18. öld því útgáfuformið breyttist. Formið breyttist á þann veg að listævintýrin voru stytt og aðlöguð að nýjum markhópi og gefin út í litlum bæklingum sem kölluðust „chapbooks“ eða „cheap books“. Í litlu bæklingunum gátu listævintýrin ferðast á milli þorpa með kaupmönnum og voru þau lesin og sögð af sífellt fleira fólki. Vegna þess að ævintýrin voru að jafnaði lesin upphátt úr bæklingunum fyrir þá sem vildu heyra, átti efniviðurinn það til að rata aftur út í munnmælin (Zipes, 2000: xx-xxiii).

Við lok 18. aldar jókst útgáfa barnabóka til muna í Frakklandi, Englandi og Þýskalandi. Í kjölfarið tóku menn að huga að því hvernig hægt væri að breyta ævintýrunum á þann veg að þau væru viðeigandi fyrir aldur barna og þroska þeirra. Þá spratt meðal annars upp umræða um það hvort börn hefðu yfir höfuð gott af því að kynnast hinu yfirnáttúrulega í ævintýrunum. Samhliða rómantíkinni fóru höfundar að ætla listævintýrum sínum það hlutverk að vekja fólk til umhugsunar um list, menntun, ást og heimspeki. Á 19. öldinni tóku menn svo að breyta ævintýrunum þannig að þau yrðu barnvænni. Frá 1830 til 1900 uxu vinsældir ævintýra fyrir börn jafnt og þétt og er Hans Christian Andersen einn af þeim höfundum ævintýra sem náði bæði til barna og fullorðinna á þessum tíma, samkvæmt Zipes. Í byrjun 20. aldarinnar var svo farið að markaðssetja ævintýrin með ýmsu móti (Zipes, 2000: xxiii-xxviii).

2.3 Ævintýri og börn/mismunandi aldursskeið

Í dag er miðlun ævintýra nær eingöngu miðuð við börn. Fræðimenn hafa rannsakað tengslin milli ævintýra og barna, en þó einnig tengsl ævintýra við önnur aldursskeið. Maria Tatar er ein af þeim sem hafa skoðað tengsl milli ævintýra og barna og ber ein þekktasta bók hennar titilinn *Off With Their Heads! Fairy Tales and the Culture of Childhood*. Í inngangskafla þeirrar bókar segir Tatar að þegar ævintýrin fóru frá því að vera sögð af fullorðnum fyrir fullorðna og yfir í það að vera sögð af fullorðnum fyrir börn þá breyttust þau að einhverju leyti (Tatar, 1992: 3). Eins og fram kom í kafla 2.2 þróuðust ævintýri frá því að vera fyrir fullorðna og jafnvel börn yfir í það að vera eingöngu markaðssett fyrir börn á 20. öldinni, þó sumir listævintýrahöfundar hafi stílað sögur sínar bæði á börn og fullorðna.

Þjóðfræðingurinn Steven Swann Jones hefur einnig athugað hlutverk ævintýra. Í bók sinni *The Fairy Tale: The Magic Mirror of Imagination* segir hann meðal annars að flest sálfræðileg þemu í ævintýrum eigi við ungt fólk. Sögurnar fjalla að hans mati oft um þær tilfinningar sem hlustendur eða lesendur ævintýranna eru að kljást við á þeim tíma sem þeir heyra eða lesa ævintýrin og eru það tilfinningar til dæmis gagnvart foreldrum, systkinum og verðandi mökum (Jones, 1995: 19). Jones telur einnig að mögulegt sé að skipta ævintýrum upp í að minnsta kosti þrjá flokka. Fyrsti flokkurinn væri þá fyrir ung börn, annar flokkurinn væri fyrir táninga sem væru að þroskast og sá þriðji væri fyrir tiltölulega þroskaða fullorðna einstaklinga. Þessa skiptingu byggir Jones á aldursskeiði aðalsögupersónunnar, hverslags vandamál sögupersónan þarf að kljást við og hvers konar leiðangur hún þarf að leggja upp í til að leysa vandamálið (Jones, 1995: 22). Jones er því þeirrar skoðunar að ævintýri nái vel til barna, en segir samt sem áður að þau eigi einnig við stálpaðri einstaklinga.

Michael Hornyansky, höfundur kafla í bókinni *Only Connect: Readings on Children's Literature*, velti því fyrir sér af hverju ævintýri nái eins vel til barna og raun ber vitni, jafnvel þó að afþreyingarefni sjónvarpsins virðist ótæmandi. Hornyansky segir að svarið við þessu liggi í því að barn upplifi sjálft sig í ævintýrinu, sem og fjölskyldu sína. Foreldrarnir eru ýmist kóngurinn eða drottningin og börnin eru annað hvort prinsinn eða prinsessan. Hornyansky telur að ævintýrin sýni börnum þó ekki einungis þessa myndbirtingu fjölskyldunnar. Börnin læra einnig að foreldrarnir sýni ekki ætíð góðu hliðar sínar og geta þeir þá birst í líki trölls eða nornar í ævintýrum. Þessi konunglegi bragur á mörgum ævintýrum er þó svo sannarlega ekki hið eina sem heillar börnin heldur eru það einnig þær hversdagslegu aðstæður og söguþráður sem eru til staðar í ævintýrunum. Ævintýrin kenna barninu á lífið á þann hátt sem teiknimyndapersónur í sjónvarpi gera ekki eða tekst ekki að gera. Samkvæmt Hornyansky er ástæðan fyrir því að ævintýrin hafi haldið lífi svo lengi í gegnum árin sú að þau eru byggð á heimi barnanna og eru sögð án allrar væmni eða annarrar vitleysu fullorðinna (Hornyansky, 1969: 121-125). Hornyansky er því á þeirri skoðun að ævintýrin fylgi börnum óháð tíma, en misjafnar skoðanir virðast vera á því hvort ævintýrin höfði einungis til barna eða hvort þau nái til breiðari aldurshóps, eins og Jones vill halda fram. Ævintýri Hans Christian Andersen eru mögulega engin undantekning á þessu en mikilvægt er að byrja á því að skoða Andersen og ævi hans til að geta skorið úr um það hvort ævintýri hans nái að höfða til breiðari aldurshóps eður ei.

3 Ævintýrin

Í þriðja kafla verður lauslega farið yfir ævi Hans Christians Andersen og einkum sagt frá aðstæðum hans á uppvaxtarárunum og þeim tíma sem hann reyndi að koma sér á framfæri í Kaupmannahöfn. Einnig verður farið yfir ævintýrin hans og útgáfur þeirra. Að lokum verður nánar greint frá þeim ævintýrum sem ritgerðin verður byggð á. Stuttur útdráttur verður tekinn úr hverju ævintýri fyrir sig en fullur texti þeirra ævintýra sem notuð verða eru aðgengileg í meðfylgjandi viðauka.

3.1 Hans Christian Andersen

Nafnið Hans Christan Andersen kannast eflaust margir við, enda einn af frægari rithöfundum Evrópu. Það vita þó ekki allir hversu mjög hann erfiðaði við að koma sér og verkum sínum á framfæri. Andersen fæddist í fátækasta hverfi Óðinsvéa þann 2. apríl árið 1805, aðeins tveimur mánuðum eftir brúðkaup foreldra sinna, Hans Andersens og Anne Marie Andersdatter (Wullschlager, 2000: 7). Þessi litla fjölskylda bjó við afskaplega bág kjör og erfiða fjárhagsstöðu og var æskuheimili Andersens heldur lítilfjörlegt miðað við þau húsakynni sem vestrænar fjölskyldur í dag þekkja. Andersen lýsti æskuheimili sínu á þennan hátt í ævisögu sinni *Mit eget eventyr uden digtning*:

> En eneste lille Stue, der næsten var opfyld med Skomagerværkstedet, Sengen og den Slagbænk hvori jeg sov, var Barndoms Hjemmet; men Væggene var fulde af Billeder og over Værkstedet var en Hylde med Bøger og Viser; det lille Kjøkken var fuldt af skinnende Talerkner og Kar og paa en Stige kunde man herfra komme op paa Loftet, hvor der i Tagrenden ind imod Naboens Huus stod en stor Kasse med Jord og Kjøkkenurter, min Moders hele Have... (Andersen, 1942: 12).

Aðstæður fjölskyldunnar voru því heldur hrörlegar og eins og ofangreind lýsing sýnir þá var Andersen ekki af efnuðu fólki kominn og ekki er ólíklegt að hann hafi þurft að hafa meira fyrir hlutunum en þeir efnameiru.

H. C. Andersen þurfti að leggja hart að sér við að koma sér á framfæri og gekk það allsendis ekki alltaf vel. Í byrjun september árið 1819 þegar hann var aðeins 14 ára gamall lagði hann upp í það langa ferðalag að reyna að öðlast frægð og hélt til Kaupmannahafnar (Larsen, 1955: 22). Fyrstu dagar hans þar voru erfiðir og fór hann í heimsóknir til þekkts fólks í leikhúsheiminum og reyndi meðal annars fyrir sér sem

dansari en allt kom fyrir ekki og var honum stöðugt vísað á dyr. Hans síðasta úrræði, áður en hann skyldi hrökklast aftur til Óðinsvéa, var að finna ítalska óperusöngvarann Giuseppe Siboni og reyna fyrir sér í söng. Þá loksins fóru hlutirnir að ganga upp hjá honum og lofaði Siboni Andersen að hann skyldi kenna honum söng. Það gekk eftir og lærði Andersen söng hjá Siboni í hálft ár eða þangað til hann fór í mútur (Andersen, 1942: 31-36).

Næstu ár einkenndust af lífi á styrkjum sem hann hlaut frá áhrifamiklu fólki í Kaupmannahöfn og hann reyndi enn sem áður að koma sér á framfæri; það sem stoppaði hann ætíð var skortur hans á menntun. En eins og svo margt annað í lífi hans þá gekk allt upp að lokum og fékk hann styrk fyrir skólagöngu í Slagelse. Til gamans má geta að á meðan skólagöngu hans stóð eignaðist hann vin í ljóðskáldinu Bernhard Severin Ingemann og varði sú vinátta ævilangt. Andersen lauk lokaprófi árið 1828, þó eftir að hafa skipt einu sinni um skóla, og hóf ferðalag um Danmörku. Árið 1831 fór hann í fyrsta skiptið út fyrir landsteina Danmerkur og átti hann eftir að ferðast mikið eftir það. Eftir mörg ferðalög snéri Andersen aftur til Kaupmannahafnar og voru tvö leikrit eftir hann sett á svið í Konunglega leikhúsinu árið 1832. Nokkur önnur leikrit eftir hann voru einnig sett á svið en þau fengu misjafnar undirtektir (Larsen, 1955: 24-29, 32 og 48-49). Ferðin að frægð og frama gekk því brösuglega.

Árið 1835 segir Andersen í bréfi sínu til rithöfundarins Henriette Hanck að hann ætli að skrifa ævintýri til að vinna komandi kynslóðir á sitt band (Wullschlager, 2000: 144). Með ævintýrunum varð Andersen ódauðlegur þrátt fyrir að hafa í byrjun ekki haft mikla trú á þeim og gaf hann þau út allt til dauðadags. Fyrstu ævintýrin sem hann gaf út voru ýmist ævintýri sem hann hafði samið sjálfur eða munnmælaævintýri sem hann hafði heyrt áður en hann gerði þau að sínum. Um árið 1843 fór hann svo einungis að gefa út ævintýri sem voru eftir hann sjálfan (Larsen, 1955: 50-54). Þau ævintýri sem notast verður við í þessari ritgerð eru aðallega ævintýri sem Andersen samdi sjálfur.

3.2 Ævintýri H. C. Andersens

Þar sem Hans Christian Andersen skildi ekki einungis eftir sig ævintýri heldur einnig leikrit, sögur, ferðabækur og ljóð þá er hægt að ímynda sér að fjöldi allra þessara verka sé gríðarlegur. Til að mynda eru ævintýrin sem liggja eftir hann 156 talsins (Rossel, 1980: xxv og Alderson, 2005a: xiv) og virðist einhugur um þá tölu meðal fræðimanna. Það verður þó að taka það með í reikninginn að Andersen skrifaði öll verk sín á næstum því

50 árum (Woel, 1955: 211) sem sýnir það enn fremur hversu ungur að árum hann var þegar hann fór að reyna að koma sér á framfæri. Tíminn sem hér um ræðir á við öll verk Andersens; ævintýrin skrifaði hann á skemmri tíma.

Fyrsta heftið með ævintýrum sem Andersen gaf út er *Eventyr, fortalte for Børn* og gaf hann það út þann 8. maí árið 1835. Heftið innihélt einungis fjögur ævintýri (Møllehave, 1999: 27). Það leið því ekki langur tími frá því að Andersen skrifaði Henriette Hanck, þar sem hann viðraði hugmyndir sínar um að semja ævintýri, þar til hann gaf út sitt fyrsta ævintýrahefti. Þann 16. desember það sama ár gaf hann út sitt annað hefti og nefndi hann það *Eventyr, fortalte for Børn. Første Samling. Andet Hefte*. Í þessu síðara hefti voru ævintýrin samtals þrjú. Frá árunum 1835 til 1837 gaf Andersen í heildina út þrjú hefti er innihéldu öll ævintýri. Næstu þrjú hefti er fylgdu í kjölfarið gaf hann svo út á árunum 1838 til 1841 og nefndi hann þau *Eventyr fortalte for Børn. Ny Samling*. Við bættist svo *første, andet* eða *tredie hefte* við titilinn eftir því hvað átti við. Andersen gaf einnig út fimm önnur söfn ævintýra frá árunum 1843 til 1848 og nefndi hann þau *Nye Eventyr* og bættist svo fjöldi binda (til dæmis *første bind*) og fjöldi safna (til dæmis *første samling*) við titilinn eftir því sem fleiri bindi og söfn bættust við. Nýi titillinn var frábrugðinn hinum að því leytinu til að hann skírskotaði ekki sérstaklega til barna. Árið 1852 gaf Andersen út enn annað safn til viðbótar sem hann kallaði *Historier*, og var það ólíkt á þann hátt að ævintýri voru ekki nefnd í titlinum. Síðar ákvað hann hins vegar að nefna þetta tiltekna safn *Nye Eventyr og Historier* og síðasta heftið í þessu safni fékk heitið *Nye Eventyr og Historier, tredie Række, anden Samling*. Það kom út þann 23. nóvember árið 1872 (Woel, 1949: 466). Andersen gaf því út ævintýri sín, 156 talsins, frá árunum 1835 og allt til ársins 1872.

Líkt og nefnt var hér að framan þá eru ævintýri Andersens alls 156 í heildina og einungis er mögulegt að ímynda sér hvað flaug í gegnum huga hans við ritun ævintýranna. Meðal fyrstu ævintýranna sem hann gaf út voru *Eldfærin*, *Litli Kláus og stóri Kláus* og *Prinsessan á bauninni*. Þessi ævintýri eru í raun endursögn á ævintýrum sem Andersen hafði heyrt sjálfur sem barn og því er ekki hægt að segja að hann hafi samið þau sjálfur (Wullschlager, 2000: 144). Að vísu hefur hann sett mark sitt á þau hvert um sig að einhverju leyti.

Hugmyndir Andersens að ævintýrunum komu úr fleiri áttum en einungis munnmælaævintýrum. Öðru hverju studdist hann við atvik úr eigin lífi við ritun ævintýranna og má þá nefna sem dæmi ævintýrið *Hun duede ikke*. Þar býr Andersen til heilt ævintýri úr einni æskuminningu (Alderson, 2005b: 920). Löngum hefur því einnig

verið haldið fram að *Litli ljóti andarunginn* fjalli um líf Andersens, allt frá því hann var ungur og vesæll og þangað til hann varð að fallegum hvítum svani (Alderson, 2005b: 915). Dönsk útgáfa af ævintýrum Andersens er ber titilinn *Eventyr og Historier*, sem kom út árið 1993, segir hins vegar að sagan sé ranglega talin vera dulin sjálfsævisaga Andersens (Klysner, 1999: 1073). Það ber því ekki öllum saman um þetta tiltekna ævintýri en Andersen hefur samt sem áður notað atvik úr lífi sínu, eins og fyrr segir, við gerð ævintýra sinna sem mörg hver náðu heimsfrægð.

Ævintýri Andersens hafa ferðast um gjörvallan heim og þau verið þýdd á um það bil 80 tungumál. Það er þó ekki búið að þýða öll ævintýri hans yfir á öll þessi tungumál heldur er þetta sá fjöldi tungumála þar sem hægt er að finna að minnsta kosti eitt ævintýri eftir hann. Þó svo að fjöldinn allur af ævintýrum hans hafi verið þýddur er samt sem áður varasamt að segja að fólk frá öllum þessum tungumálasvæðum þekki ævintýrin öll á sama veg. Við þýðingu á ævintýrunum getur verið að merking þeirra breytist en oftast eru það stíl- og fagurfræðileg atriði sem verða fyrir barðinu á þýðingum yfir á annað tungumál. Sjálf atburðarás ævintýranna er það sem sjaldnast breytist við þýðingu en sá möguleiki er þó til staðar. *Staðfasti tindátinn* og *Litla stúlkan með eldspýturnar* eru dæmi um ævintýri þar sem atburðarásinni hefur verið breytt í ákveðnum útgáfum sem gefnar voru út í Bandaríkjunum og er það oftast endirinn sem tekur breytingum (Dal, 1955: 137 og 140-141). Ævintýrin geta því orðið að allt öðrum og breyttum sögum ef ákveðnar þýðingar á þeim eru lesnar og boðskapur þeirra getur þar með einnig breyst.

3.3 Valin ævintýri

Vert er að minnast á þær aðferðir sem notast var við til að finna þau gögn sem stuðst verður við í þessari ritgerð. Þar sem rannsóknin einkennist af textarýni og samanburði þá er aðallega að segja frá því hvaða ævintýri H. C. Andersens voru valin til að vinna með í þessari ritgerð og af hverju. Eftirfarandi ævintýri urðu fyrir valinu: *Nýju fötin keisarans*, *Staðfasti tindátinn*, *Murusóleyin*, *Svínahirðirinn*, *Óli Lokbrá*, *Næturgalinn*, *Litli ljóti andarunginn*, *Stoppunálin*, *Rauðu skórnir* og *Litla stúlkan með eldspýturnar*. Framangreind ævintýri voru valin einfaldlega vegna þess hversu kunn þau eru og því auðveldara fyrir lesanda að tengja við umfjöllunina í næsta kafla. Til að auðvelda lesendum að átta sig enn fremur á þeim ævintýrum sem notuð verða í ritgerðinni verður gerður stuttur útdráttur úr hverju ævintýri fyrir sig, auk þess sem raktar verða fáeinar staðreyndir um hvert og eitt þeirra. Hin útvöldu ævintýri voru einnig ævintýri sem

Andersen samdi sjálfur að mestum hluta en ekki ævintýri sem eru í raun einungis endursögn á munnmælaævintýrum sem hann hafði sjálfur heyrt þegar hann var ungur að árum. Við val á ævintýrunum var einnig haft í huga hvort þau hefðu að geyma nokkurn boðskap frá Andersen til barna eða fullorðinna. Ævintýrin voru því ekki valin af handahófi.

Að lokum var nauðsynlegt að ákveða hvort notast yrði við ævintýratexta á frummálinu eða hvort fremur ætti að styðjast við enska eða íslenska þýðingu. Að endingu var ákveðið að nota ævintýrin á upphaflegu tungumáli þeirra, það er dönsku. Líkt og áður hefur komið fram getur merking ævintýranna breyst við þýðingu yfir á önnur tungumál en með því að nota danskar útgáfur þeirra má tryggja að textinn hafi ekki tekið breytingum efnislega séð.

3.3.1 Nýju fötin keisarans

Nýju fötin keisarans (da. Kejserens nye klæder) var fyrst gefið út árið 1837 í *Eventyr, fortalte for Børn. Tredie Hefte*. Kjarni ævintýrisins er upprunalega spænskur en Andersen hafði þó nokkur áhrif á ævintýrið og setti svip sinn á það með því að gefa því kaldhæðið yfirbragð (Klysner, 1999: 1071).

Ævintýrið fjallar um keisara sem átti heldur mikið af fatnaði og var hann einkar duglegur að versla sér ný föt. Dag einn frétti hann af tveimur vefurum sem ófu slík föt að sá sem gat ekki metið fegurð þeirra sá þau ekki. Keisarinn sá sér leik á borði og nýtti sér þetta til að meta hverjir væru heimskir og hverjir klárir í keisaradæmi sínu. Reglulega var einhver sendur fyrir hönd keisarans til að skoða hvernig vefurunum gekk en enginn hafði kjark til að segja að þeir hefðu ekkert séð því enginn vildi líta út fyrir að vera heimskur. Að lokum sýndi keisarinn þegnum sínum nýju fötin, sem að sjálfsögðu sáust ekki og gekk hann því um nakinn en af hræðslu dásömuðu allir fötin. Það var hins vegar einn ungur drengur sem var sá eini sem þorði að benda á að keisarinn spígsporaði um nakinn. Að endingu voru því allir farnir að tala um nekt keisarans en hann lét það ekki á sig fá og hélt göngu sinni stoltur áfram (Andersen, 1919, I: 142-149).

3.3.2 Murusóleyin

Ævintýrið *Murusóleyin* (da. Gåseurten) var fyrst gefið út árið 1838 í bókinni *Eventyr, fortalte for Børn. Ny Samling. Første Hefte*. Við ritun ævintýrisins var Andersen

innblásinn af ljóði Steen Steensen Blicher sem samið var tæpum áratug áður og heitir *Over en lærke, som hungrede til døde* (Klysner, 1999: 1071).

Murusóleyin segir frá litlu blómi, nánar tiltekið murusóley, sem er í garði einum úti á landi. Dag einn er það skorið upp, ásamt bút af torfu, af tveimur drengjum og lagt inn í búr hjá fugli sem drengirnir höfðu einnig handsamað. Fuglinn hafði deginum áður flogið til murusóleyjarinnar og kysst hana og vegna þessa varð henni mjög um og vildi ekkert fremur en að geta huggað hinn sorgmædda fugl. Það gat hún hins vegar ekki því hún gat ekki talað. Í heilan sólarhring fengu þau ekkert drykkjarvatn og fór því svo að þau létu bæði lífið. Þegar drengirnir sáu að fuglinn hafði dáið þá héldu þeir jarðarför fyrir fuglinn og grétu hann mikið þótt hann hefði ekki þótt merkilegur á meðan hann lifði. Það var hins vegar enginn sem hugsaði um litlu murusóleyjuna sem hafði hugsað hvað mest um fuglinn og var henni hent út í kant þjóðvegarins (Andersen, 1919, I: 196-202).

3.3.3 Staðfasti tindátinn

Staðfasti tindátinn (da. Den standhaftige tinsoldat) kom fyrst út í sömu bók og ævintýrið *Murusóleyin*. Ævintýrið er eitt af þeim ævintýrum sem Andersen samdi sjálfur frá grunni (Klysner, 1999: 1071).

Ævintýrið fjallar um einfættan tindáta sem stóð samt sem áður staðfastur og var hann ástfanginn af jómfrú. Jómfrúin var búin til úr pappír og hélt tindátinn að hún væri einnig með einungis einn fótlegg þar sem hún var dansari og lyfti fótleggnum svo hátt upp að tindátinn sá hann ekki. Tindátinn varð svo fyrir því óhappi að detta út um glugga á heimili sínu og lenti í ýmsum óhöppum á ferðalagi sínu en það hlaut þann endi að fiskur gleypti hann. Sá fiskur endaði svo sem snæðingur á fyrrum heimili tindátans. Tindátinn hlaut hins vegar ekki farsæl endalok þar sem einn af drengjunum sem bjuggu í fyrrnefndu húsi henti honum inn í kolaofninn og fauk pappírsjómfrúin einnig inn í ofninn. Daginn eftir var ekkert eftir af þeim nema lítið tinhjarta (Andersen, 1919, I: 203-209).

3.3.4 Óli Lokbrá

Ævintýrið var gefið út í *Eventyr, fortalte for Børn. Ny Samling. Tredie Hefte* þann 20. desember árið 1842. Hugmyndin að *Óla Lokbrá* (da. Ole Lukøje) er byggð á umstanginu sem fylgir því að koma börnum í háttinn á kvöldin og munnmælasögnum sem því tengdust (Klysner, 1999: 1072).

Ævintýrið segir frá Óla Lokbrá sjálfum sem svæfir börnin á kvöldin og gengur um með tvenns konar regnhlífar. Ein þeirra var með myndum á sem hann setur fyrir ofan börnin á næturnar svo þau dreymi og eina með engum myndum á sem hann setur fyrir ofan börnin sem hafa verið óþekk svo þau dreymi ekkert. Ævintýrið inniheldur sögur sem Óli Lokbrá segir litlum dreng að nafni Hjálmar og segir hann eina sögu á kvöldi. Í draumunum siglir hann í rigningarvatni, er gestur í tveimur mismunandi brúðkaupum, lærir um dauðann og margt fleira. Óli Lokbrá minnist þess, á einu kvöldi af sjö, að fullorðnir sækist í heimsókn hans vegna svefnleysis (Andersen, 1919, I: 309-330).

3.3.5 Svínahirðirinn

Ævintýrið *Svínahirðirinn* (da. Svinedrengen) var gefið út árið 1842 í heftinu *Eventyr, fortalte for Børn. Ny samling. Tredie Hefte*. Finn Klysner, er skrifaði athugasemdir við ævintýrin í einni útgáfu ævintýra Andsersens, heldur því fram að nokkur líkindi séu sögð vera með þessu ævintýri og danska alþýðuævintýrinu *Den stolte jomfru* (Klysner, 1999: 1072).

Svínahirðirinn segir sögu af prinsi einum sem var ekki eins ríkur og flestir aðrir prinsar. Þessi prins óskaði einskis heitar en að kvænast dóttur keisarans þó hann gæti valið úr röðum annarra stúlkna. Dóttir keisarans gat hins vegar ekki hugsað sér að giftast þessum prinsi. Prinsinn dulbjó sig þá og fékk vinnu sem svínahirðir fyrir keisarann. Prinsinn náði tvisvar að plata keisaradótturina til að kyssa sig í skiptum fyrir hljóðfæri sem hann bjó til. Keisarinn sá dóttur sína kyssa svínahirðinn í seinna skiptið og rak þau á brott úr ríki sínu. Þá fór prinsinn úr dulargervi sínu og til keisaradótturinnar og sagði við hana að hann vildi ekki lengur fá að kvænast henni þar sem hún vildi ekki taka við bónorði heiðarlegs prins en vildi kyssa svínahirði fyrir hljóðfæri. Eftir það lokaði hann dyrunum að konungsríki sínu og skildi keisaradótturina eftir fyrir utan (Andersen, 1919, II: 15-23).

3.3.6 Næturgalinn

Næturgalinn (da. Nattergalen) var gefinn út árið 1844 í *Nye Eventyr. Første Bind. Første samling*. Ævintýrið var ádeila á dyndilmennsku almennings og kjör listamanna (Klysner, 1999: 1073).

Ævintýrið fjallar um næturgala sem lifði í garði keisarans í Kína án hans vitundar. Næturgalinn söng fegurst af öllum fuglum en keisarinn komst ekki að því að næturgalinn væri í garðinum sínum fyrr en hann las um hann í bók sem fjallaði um keisaradæmi sitt. Næturgalinn var því fenginn til að búa í keisarahöllinni og heillaði þar alla upp úr skónum. En það var einungis þangað til keisarinn fékk sendan upptrekktan næturgala sem gerður var úr alls konar gimsteinum, því þá þótti sá upptrekkti fínni. Er hann tók að bila og einungis hægt að trekkja hann einu sinni á ári tók næturgalinn að venja ferðir sínar að glugga keisarans. Þar lá keisarinn á dánarbeði sínu og hinn fagri næturgali söng fyrir hann og flæmdi þannig dauðann burtu frá keisaranum. Eftir þetta fékk næturgalinn keisarann til að samþykkja að hann mætti koma og fara eins og hann vildi en skyldi þó syngja fyrir keisarann á hverju kvöldi ef keisarinn myndi ekki segja neinum frá því (Andersen, 1919, II: 33-48).

3.3.7 Litli ljóti andarunginn

Litli ljóti andarunginn (da. Den grimme ælling) birtist árið 1844 í *Nye Eventyr. Første Bind. Første Samling* og er oft ranglega talin vera dulin sjálfsævisaga Andersens samkvæmt áðurnefndum Finn Klysner (1999: 1073). Hins vegar eru ekki allir á sama máli hvað þetta varðar, líkt og áður hefur komið fram (sjá kafla 3.2).

Ævintýrið fjallar um álftarunga sem endar í hreiðri hjá önd er hann var enn í egginu. Unginn ólst upp hjá öndinni sem andarungi, rétt eins og hennar eigin andarungar. Allar aðrar endur, hænsni og jafnvel systkini hans gerðu gys að honum og sögðu hann of stóran og ljótan. Öndin var ætíð jafn stolt af honum og þótti hann hvorki ljótur né of stór. Að endingu flúði hann andagarðinn og endaði á litlum bóndabæ hjá eldri konu. Þar gat hann hvorki verpt né spunnið líkt og heimilisdýrin þar. Það varð til þess að hann yfirgaf einnig þann stað og upplifði erfiðan vetur einsamall. Er voraði komu fallegir svanir og ákvað þá unginn að nálgast þá og hugsaði með sér að það væri betra að svanirnir myndu drepa hann heldur en að vera lagður í einelti af öndunum í andagarðinum. Hann komst að lokum að þeirri staðreynd að hann var í raun fagur svanur en ekki ljótur og of stór andarungi (Andersen, 1919, II: 54-69).

3.3.8 Stoppunálin

Ævintýrið *Stoppunálin* (da. Stoppenålen) var fyrst gefið út árið 1846 af Peder Ludvig Møller en ári síðar var það aftur gefið út í *Nye Eventyr. Andet Bind. Første Samling*. Það sem er einkar áhugavert er að í ævintýrinu *Óli Lokbrá* sem Andersen samdi nokkrum árum áður er vísað í *Stoppunálina*. Í hana er vísað á þann máta að drengur nokkur biður Óla Lokbrá um að segja sér frá því ævintýri (Klysner, 1999: 1074).

Ævintýrið fjallar um stoppunál sem fannst talsvert meira í sig spunnið en í raun var. Hún ýmist hélt því fram að hún væri saumnál eða brjóstnæla kokksins á heimilinu. Einn daginn datt hún niður í vaskinn í eldhúsinu og endaði í ræsinu. Þar var hún þangað til götustrákar fundu hana og stungu henni í eggjaskurn. Á þessum tímapunkti var hún orðin svört eftir veru sína í holræsinu. Hún var heldur ánægð með sig þá og hélt því fram að allur heimurinn myndi sjá hana þannig, svarta með hvíta umgjörð. Sú ánægja varði einvörðungu í skamma stund því vagn keyrði yfir hana og braut eggjaskurnina en þó ekki hana sjálfa. Saga hennar endaði að lokum á því að hún varð eftir á götunni þar sem enginn gat séð til hennar (Andersen, 1919, II: 146-151).

3.3.9 Rauðu skórnir

Andersen gaf ævintýrið *Rauðu skórnir* (da. De røde skoe) fyrst út árið 1845 og það í *Nye Eventyr. Første Bind. Tredie Samling*. Frásagnarmáti ævintýrisins er að mörgu leyti eins og í munnmælaævintýrum en þó með nánari smáatriðum (Klysner, 1999: 1075).

Rauðu skórnir segja frá fátækri stúlku að nafni Karen sem fær rauða skó að gjöf þegar móðir hennar deyr. Stúlkan er ættleidd af eldri konu og fær stúlkan konuna til að kaupa aðra rauða skó handa sér fyrir ferminguna sína. Skórnir valda því að hún veitir hvorki því sem á sér stað í fermingunni athygli né því sem gerist í messum sem hún sækir eftir ferminguna. Eitt skiptið veitir undarlegur, gamall hermaður skóm hennar athygli og segir þá fallega dansskó. Eftir þetta getur stúlkan ekki hætt að dansa og endar með því að hún hættir ekki að dansa fyrr en maður nokkur heggur af henni báða fæturna að hennar beiðni. Það er ekki fyrr en hún fer að vinna fyrir kirkjuna og biður fyrirgefningar að hún kemst fyrst í messu og hlýtur miskunn. Rauðu skórnir höfðu haldið henni frá því að komast í messu til þessa þó þeir væru ekki lengur áfastir henni (Andersen, 1919, II: 176-185).

3.3.10 Litla stúlkan með eldspýturnar

Litla stúlkan með eldspýturnar (da. Den lille pige med svolvstikkerne) birtist fyrst í *Dansk Folkekalender for 1846* og var það gefið út í desember árið 1845 en var svo seinna endurútgefið í *Nye Eventyr. Andet Bind. Anden Samling* og þá árið 1848. Kveikjan að hugmynd þessa ævintýris var mynd af lítilli fátækri stúlku með eldspýtur (Klysner, 1999: 1075).

Ævintýrið segir frá fátækri lítilli stúlku sem reyndi eftir fremsta megni að selja eldfæri gamlárskvöld nokkuð en enginn keypti eldspýtur af henni. Af ótta við að fara heim og hljóta skammir frá föður sínum settist hún í lítið skot út frá húsi einu og hlýjaði sér með því að kveikja á einni og einni eldspýtu í einu. Að lokum lést litla stúlkan af kulda og fannst hún ekki fyrr en morguninn eftir með bros á vör eftir að hafa séð sýnir af ríkmannlegu jólaborðhaldi og ömmu sinni rétt áður en hún lést (Andersen, 1919, II: 206-210).

4 Skilaboð Andersens til fullorðinna og/eða barna

Í þessum kafla verða áðurnefndar rannsóknarspurningarnar ræddar, en helsta spurningin snýr að því hvort eitthvað liggi að baki fullyrðingu H.C. Andersens, um að hann hafi haft fullorðna í huga þegar hann samdi ævintýrin sín. Ef svo er, þá verður einnig athugað hvaða aðferðum hann beitti í þessum tilgangi, það er að segja að koma boðskap til fullorðinna í gegnum ævintýrin. Þá verður reynt að komast að því hvaða atriði í ævintýrunum tala fremur til fullorðinna en barna. Stuðst verður við ævintýrin tíu, er fjallað var um í 3. kafla.

4.1 Foreldrarnir hlusta líka

Hans Christian Andersen átti í bréfaskriftum við marga samtímamenn sína. Fjöldinn allur af bókum, sem innihalda bréfaskriftir til og frá Andersen, hafa verið gefnar út. Bréfaskriftir milli Andersens og ljóðskáldsins Bernhard Severin Ingemann hafa verið gefin út í þriggja binda verki sem kallast *H.C. Andersens brevveksling med Lucie og B.S. Ingemann* og kom það út árið 1997. Í fyrsta bindinu er að finna það bréf sem ein af rannsóknarspurningum ritgerðarinnar er byggð á og var það Andersen sjálfur sem sendi bréfið þann 20. nóvember árið 1843 til Ingemann. Í þessu tiltekna bréfi biður hann Ingemann að skila þökkum til eiginkonu sinnar fyrir yfirlestur ævintýra sinna og kallar hann ævintýrin „Tanke-Børn“. Einnig tilkynnir Andersen honum að hann muni bráðlega færa eiginkonu hans annan stafla af ævintýrum til yfirferðar (Dreyer, 1997: 191).

Ingemann hjónin voru vel að sér í ævintýraskrifum Andersens en það sem skiptir mestu máli í bréfi Andersens fyrir þessa ritgerð er að hann skrifar: „nu fortæller jeg af mit eget Bryst, griber en Idee for den Ældre – og fortæller saa for de Smaa, medens jeg husker paa at fader og Moder tidt lytte til og dem maa man give lidt for Tanken!“ (Dreyer, 1997: 191). Hér segir Andersen í grófum dráttum að hann sé farinn að nota sínar eigin hugmyndir við ævintýraskrif, en þar að auki að hann fái hugmynd að ævintýri fyrir fullorðna sem hann noti svo í sögur fyrir börnin. Andersen leggur einnig áherslu á að hafa verði í huga að foreldrar hlusta öðru hverju einnig á ævintýrin. Þessi setning hefur áður vakið athygli þar sem hún hefur birst í öðrum ritum og greinum, líkt og í bók Mariu Tatar *Off With Their Heads!* og vísar hún í bókina *Only Connect: Readings on Children's literature* sem Sheila Egoff, G. T. Stubbs og L. F. Ashley ritstýrðu. Einnig er þessi

setning útgangspunktur greinarinnar „H. C. Andersens eventyr på hollandsk – børne- og/eller voksenlitteratur“ á heimasíðu tileinkaðri Andersen (Koenders, 1993). Með setningunni kemur skýrt fram að Andersen hafi ekki einvörðungu haft börn í huga heldur einnig hina fullorðnu. Því gefur það auga leið að meira liggur að baki ævintýra hans en virðist við fyrstu sýn.

4.1.1 Nýju fötin keisarans

Nýju fötin keisarans nær að sjálfsögðu vel til barna og ætli nekt keisarans og trúgirni hafi ekki fyrst og fremst áhrif á skemmtanagildi þess fyrir börnin. Það að maður, svo háæruverðugur í ríki sínu, skuli láta ginna sig og komi fram berstrípaður fyrir stóran hóp fólks, er mögulega það sem nær til barna í þessu ævintýri. Í fyrsta tölublaði 20. árgangs tímaritsins *Börn og menning*, sem tileinkað er ævintýrum vegna 200 ára afmælis Andersens, voru einstaklingar á öllum aldri beðnir um að segja hvaða ævintýri Andersens væri í uppáhaldi hjá sér og hvers vegna. Frásagnir þessar liggja hér og þar í blaðinu. Björn Þórisson, sem hefur verið tíu ára þegar blaðið var gefið út, segist halda mest upp á *Nýju fötin keisarans* því hann gefur sér þá staðreynd að keisarinn hafi lært af reynslunni eftir þetta og ekki látið blekkja sig á nýjan leik (Björn Þórisson, 2005: 13). Ævintýrið hefur því ekki einungis náð til hans vegna þess að mögulegt var að hrekkja svona háttvirtan mann heldur einnig vegna þess að Björn gerði ráð fyrir því að keisarinn hefði lært af mistökum sínum. Í þessu einstaka tilviki getur því verið að boðskapurinn sé einfaldlega sá að fólk getur lært af mistökum sínum.

Það getur einnig verið hugsanlegt að hér leynist að auki boðskapur til fullorðinna. Sá boðskapur gæti leynst í hræðslu þeirra sem sögðust sjá klæðin af ótta við viðbrögð keisarans. Það að meðvirkni virðist hrjá flesta, einstaklingar þora ekki að segja sínar eigin skoðanir heldur fylgja öðrum gæti verið sá boðskapur sem Andersen hefur ætlað að miðla til fullorðinna, þar sem sá eini sem liggur ekki á skoðun sinni er barn. Vera má að Andersen hafi viljað benda þeim fullorðnu á að börnin eru bæði hreinskilin og trú sjálfum sér en fullorðnir leitast stöðugt eftir viðurkenningu annarra. Þó getur sá boðskapur verið ætlaður bæði börnum og fullorðnum. Að vera trúr sjálfum sér og ekki einungis að gera öðrum til geðs nær til hvaða aldurshóps sem er.

Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur segir að að hennar mati sé kjarni þessa ævintýris sá að fólk sé tilbúið til þess að ganga langt til að verða ekki fyrir niðurlægingu og sýna sig fyrir öðrum. Hún telur að ævintýrið fjalli þó einnig um þá hræðslu að afhjúpa

sig fyrir öðrum (Margrét Tryggvadóttir, 2005: 35). Það sem er þó áhugavert í þessu samhengi er að keisarinn var ekki afhjúpaður í upprunalegri útgáfu Andersens. Endirinn var upphaflega sá að það setti enginn út á það að keisarinn væri nakinn heldur hreifst allur bærinn af nýju fötunum hans. Það var ekki fyrr en síðar, þegar upphaflega útgáfan var farin í prentun, að Andersen ákvað að breyta endinum þannig að bærinn hrifist ekki af klæðum keisarans heldur vildi hann að lítill drengur myndi æpa yfir allan bæinn að keisarinn væri nakinn. Það var því ekki fyrr en eftir á sem Andersen gerði endinn skoplegan. Það hafði heldur ekki verið langt síðan Andersen hafði sjálfur verið drengur sem fylgdist með þeim hátt settu í Kaupmannahöfn og sýndarmennsku þeirra (Wullschlager, 2000: 170-171). Ádeilan á mikilvægi þess að vera ekki smánaður og hræðslu við afhjúpun nær frekar til fullorðinna en barna. Þar sem börn eru oft hreinskilin gagnvart sjálfum sér og öðrum, eins og strákurinn í enda ævintýrisins, er þetta eitthvað sem ekki þarf að benda börnum á. Þau eru nær því að vera þau sjálf en hinir fullorðnu, og segja sannleikann áður en samfélagið nær að hafa áhrif á þau. Það hafa því greinilega verið margvísleg skilaboð í þessu ævintýri sem Andersen hefur ekki endilega ætlað yngsta markhópnum.

4.1.2 Murusóleyin

Sá boðskapur sem Andersen gæti hafa verið að beina til barna í þessu ævintýri er að það eigi að koma vel fram við aðra því annað gæti valdið þeim vanlíðan. Murusóleyin og fuglinn í ævintýrinu upplifðu hins vegar ekki einungis vanlíðan eftir að strákarnir komu ekki vel fram við þau heldur dóu þau. Það að Andersen láti þau deyja er mögulega til að undirstrika þá vanlíðan sem getur hlotist af því ef fólk kemur illa fram við hvert annað. Hann hefur mögulega verið að gera þetta nægilega skýrt til að börn skilji boðskapinn. Börn ættu einnig að skilja að bera þurfi virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Að rífa upp plöntur og dýr úr sínu náttúrulega umhverfi raskar náttúrunni. Ekkert líf er of smátt til að bera ekki virðingu fyrir því, ekki einu sinni líf lítillar plöntu, allir eiga skilið jafna möguleika til lífs.

Andersen gæti einnig verið að reyna að koma því til skila að stundum eru einstaklingar ekki metnir til fulls á meðan þeir eru á lífi. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Þetta kemur í raun mjög skýrt fram í ævintýrinu þar sem segir í næst síðustu málsgrein þess: „da han levede og sang, glemte de ham, lod ham sidde i Buret og lide Savn, nu fik han Stads og mange Taarer“ (Andersen, 1919, I: 202). Þessi setning á

við fuglinn sem drengirnir geymdu í búri og létu afskiptalausan þar til hann dó. Fuglinn þótti því ekki merkilegur fyrir drengjunum fyrr en hann hafði yfirgefið hinn veraldlega heim vegna þess að þeir tóku honum sem sjálfsögðum hlut. Það sem nær fremur til barnanna er sá einfaldi boðskapur að koma vel fram við aðra, en að taka öðrum ekki sem sjálfsögðum hlut gæti frekar hafa átt erindi til fullorðinna. Þetta tvennt tengist hins vegar, því ef fólk tekur annarri manneskju sem sjálfsögðum hlut er í raun ekki verið að koma nógu vel fram við hana. Ef til vill hefur Andersen einnig viljað vekja athygli á því að taka listamönnum ekki sem sjálfsögðum hlut. Þeir lifa oft við fátækt og í einangrun, og eru ekki metnir til fulls af almenningi fyrr en eftir dauða þeirra.

Að lokum vekur það athygli að í lok ævintýrisins var murusóleyjunni hent út í vegkant á meðan fuglinn fékk veglega jarðarför. Ætli það sé eitthvað á bak við þessi mismunandi endalok aðalsöguhetjanna? Mögulega er hér á ferðinni tilvísun til stéttaskiptingarinnar sem Andersen þurfti sjálfur að komast yfir; murusóleyin gæti þá verið alþýðan og fuglinn hluti af efri stéttum samfélagsins; að minnsta kosti má skilja þetta sem ákveðna samúð með lítilmagnanum. Ef svo er þá hefur Andersen líklega ætlað fullorðnum að skilja þennan hluta.

4.1.3 Staðfasti tindátinn

Staðfasti tindátinn var fyrsta ævintýri Andersens sem var ekki á nokkurn hátt innblásið af munnmælaævintýrum sem hann hafði sjálfur heyrt sem barn (Wullschlager, 2000: 178-179). *Staðfasti tindátinn* fjallar um ástina. Tindátinn og pappírsjómfrúin ná ekki saman fyrr en í dauðanum þegar þeim er báðum hent í kolaofninn og ekkert verður eftir af tindátanum nema lítið tinhjarta.

Jack Zipes, sem skoðað hefur ófá ævintýrin, taldi að sú staðreynd að tindátinn hafi ekki sóst eftir pappírsjómfrúnni þrátt fyrir að vera yfir sig ástfanginn af henni sýndi að hann taldi sjálfan sig ekki nægilega góðan fyrir hana. Hann bjó í trékassa með fleiri tindátum á meðan hún stóð fyrir utan kastala. Tindátinn trúði því að það væri ekki á hans valdi hvernig færi fyrir honum, og að þar sem hann fæddist í lægri stétt en jómfrúin þá myndi hann aldrei geta orðið hennar. Að halda aftur af sér, fremur en að fara fram úr sér, sýndi dyggð tindátans (Zipes, 1991: 85). Þetta sjónarhorn ævintýrisins höfðar líklega frekar til fullorðinna en barna þar sem börn setja álíka hluti oft ekki fyrir sig, eins og stéttaskiptingu eða uppruna.

Líklegasti atburðurinn til að ná til barna hefur án efa verið sá eiginleiki leikfanganna að persónugervast, það er að lifna við. Andersen hefur áttað sig á því að með því að gæða sögupersónur ævintýra sinna þessum eiginleika þá næði hann til lesenda og hlustenda og vinnur hann með sams konar hugmynd í fleiri ævintýrum, líkt og í ævintýrinu *Óla Lokbrá*. Einnig hefur ferðalagið, sem tindátinn lendir í, vakið athygli barna en hann endar aftur í sama húsi og hann bjó áður í. Ferðalagið gæti virst algjörlega ómögulegt fyrir fullorðnum og hvað þá að enda aftur í húsinu sem hann bjó í en fyrir börnum getur þetta vel orðið að möguleika. Börn virðast oft vera opnari fyrir möguleikanum að allt geti gerst en fullorðnir. Samfélagið hefur ekki enn sett börnum þær skorður sem fullorðnir hafa fengið.

Ef litið er á nýjan leik á tilvitnanir úr tímaritinu *Börn og menning* þá valdi kona að nafni Ása Helga Ragnarsdóttir *Staðfasta tindátann* sem sitt uppáhaldsævintýri. Ástæðuna fyrir því segir hún vera að tindátinn hafi verið „trúr og tryggur og elskar dansmeyjuna fram í rauðan dauðann. Þetta ævintýri minnir mig alltaf á hana mömmu mína sem kenndi mér að vera trú vinum mínum og eiga alltaf tíma til að hlusta á þá“ (Ása Helga Ragnarsdóttir, 2005: 41). Þarna tengir Ása ævintýrið við það að vera tryggur öðrum og standa við orð sín. Tindátinn er trúr pappírsjómfrúnni og hugsar um hana allan þann tíma sem á ferðalaginu stendur. Trygglyndi gagnvart öðrum getur náð bæði til fullorðinna og barna. Andersen gat því verið að kenna börnum um ágæti þess að vera trúr og tryggur en minnir fullorðna á það, þar sem það á það til að gleymast.

4.1.4 Óli Lokbrá

Eins og áður var sagt var umstangið við að koma börnum í háttinn það sem bjó að baki hugmyndarinnar að þessu ævintýri, sem og munnmælasögurnar sem tengdust þessari athöfn. Það þarf ekki endilega að vera að Andersen hafi verið með boðskap til fullorðinna í hverju einasta ævintýri heldur getur einnig verið að hann hafi sett inn ákveðin samtöl, atburðarás eða jafnvel eiginleika sögupersóna til að höfða til fullorðinna. Hann gæti því hafa notað svipaða aðferð og er nýtt í mörgum teiknimyndum nú til dags þar sem meðferð brandara er á þann veg að fullorðnir einstaklingar skilji þá fremur eða á annan hátt en börn.

Í einni af útgáfum ævintýra Andersens eru upplýsingar aftast í bókinni um ævintýrin sjálf, hvaðan Andersen fékk þær hugmyndir sem hann vann úr og aðrar viðeigandi upplýsingar. Finn Klysner skrifaði upplýsingarnar og þar segir hann að

ævintýrið um *Óla Lokbrá* sé eitt af fáum ævintýrum Andersens sem sé ekta barnaævintýri. Heimurinn í ævintýrinu er heimur barna og nær hann vel til þeirra. Þau skilja allt ævintýrið og geta skemmt sér yfir því. Engu að síður ættu að vera næg atriði í ævintýrinu sem ná til fullorðinna samkvæmt Klysner (Klysner, 1999: 1072).

Ein frásögn Óla Lokbrá sjálfs í ævintýrinu er dæmi um hvað gæti náð til fullorðinna, ekki endilega vegna boðskapar heldur er það sem fjallað er um eitthvað sem margir fullorðnir kannast við. Þessi frásögn er sú þegar Óli Lokbrá segir Hjálmari, aðalsögupersónunni, eitt kvöldið frá því að margir fullorðnir sækist eftir því að fá Óla Lokbrá í heimsókn. Ástæðan er sú að hinir fullorðnu eiga í vandræðum með að sofna á kvöldin og sér í lagi þeir sem hafa eitthvað slæmt á samviskunni. Sumir bjóða Óla Lokbrá jafnvel þóknun fyrir það að koma til sín en hann segist ekki gera neitt gegn borgun. Andvökunætur eru fyrirbæri sem margir fullorðnir ættu að kannast við. Andersen nýtir því tækifærið og bendir fullorðnum á að ekki er ætíð mögulegt að reiða fram fé til þess eins að komast hjá samviskubiti og að ekki er allt falt fyrir peninga, eins og til dæmis góður nætursvefn.

4.1.5 Svínahirðirinn

Eins og fram kom í kafla 3.3.5 eiga að vera líkindi með þessu ævintýri og dönsku munnmælaævintýri sem nefnist *Den stolte jomfru* og á Andersen að hafa heyrt það þegar hann var barn en fannst hann ekki geta endursagt það eins og það var upphaflega (Brix og Jensen, 1919: 377). Hugmyndin að *Svínahirðinum* liggur því í eldra munnmælaævintýri og er ekki einungis sprottið úr ímyndunarafli Andersens sjálfs.

Í ævintýrinu vinnur Andersen með list og upprunaleika hennar (Wullschlager, 2000: 226). Rík áhersla er lögð á gjafmildi prinsins við dóttur keisarans, bæði þegar hann kemur fram sem prins og einnig þegar hann dulbýr sig sem svínahirðir. Hinir veraldlegu hlutir sem prinsinn færði keisaradótturinni að gjöf voru sérlega fagrir en þeir munir sem hann færði henni í dulargervi svínahirðis voru mun látlausari og heimagerðir en þó voru þeir að einhverju leyti töfrum gæddir. Keisaradóttirin var hrifnari af þeim hlutum sem prinsinn gerði sjálfur en hinni náttúrulega fögru rós og næturgalanum sem hann gaf henni upphaflega. Umræðan um list, eðli hennar og uppruna er að öllum líkindum ekki ætluð börnum heldur fullorðnum.

Það sem nær fremur til barna er hvernig prinsinn nær að blekkja alla sem svínahirðir. Fullorðnir gera sér líklega grein fyrir því hversu fjarlægur möguleiki er á því

að þetta gæti átt sér stað í raunveruleikanum en börn eru hins vegar opnari fyrir fleiri möguleikum. Einnig er nokkuð líklegt að frásagnirnar af kossunum nái til barna. Svínahirðirinn þótti dónalegur að heimta kossa frá dóttur keisarans og var það jafn mikið feimnismál í ævintýrinu að þau skyldu kyssast, líkt og kossar geta þótt hjá börnum. Það er því nokkuð greinilegt að ævintýrið inniheldur atriði sem eiga að höfða til barna jafnt sem fullorðinna.

4.1.6 Næturgalinn

Ævintýrið *Næturgalinn* þykir vera ádeila á snobb almennings og kjör listamanna (sjá kafla 3.3.6). Það er því ljóst að Andersen var að koma skilaboðum áleiðis til fullorðinna í gegnum þetta ævintýri. Þó svo að börn átti sig líklega ekki á þessum boðskap ævintýrisins, þá átta þau sig hins vegar mögulega á þeim mun er liggur að baki raunverulegs hlutar og eftirlíkingar. Eftirlíkingar geta verið fagrar og sinnt sínu hlutverki en þó er staðreyndin sú að hinn raunverulegi hlutur, sá upprunalegi, er oftast nær betri en eftirlíkingin. Það á einnig við um hinn lifandi næturgala í ævintýri Andersen. Hann var mun betri en eftirlíkingin sem var þó skreytt með fjölda demanta og hélt lengi vel takti, þar til hann bilaði vegna of mikillar spilunar.

Það sem einnig er hægt að lesa úr þessu ævintýri er umfjöllun um nýjungagirni fólks. Um leið og nýrri hlutir eru til þá þykja þeir eldri ekki eins spennandi. Næturgalinn þótti spennandi og flottur en einungis þar til nýrri og fegurri næturgali kom til sögunnar. Þessi skilaboð eru enn þann dag í dag viðeigandi. Á tímum þar sem tæknin þróast hratt og hlutir verða fljótt úreltir er nýjungagirnin líklega í hámarki. Allir verða að eiga það nýjasta og flottasta. Þó ekki sé hægt að segja með vissu að Andersen hafi verið að deila á nýjungagirni samtímamanna sinna þá getur hann hins vegar hafa verið að gagnrýna allsnægtir þeirra hátt settu. Keisarinn í ævintýrinu átti svo mikið af fögrum hlutum að hann kunni ekki skil á þeim öllum. Hann vissi ekki af næturgalanum sem lifði í hans eigin garði. Umræðan sem hér um ræðir hefur mögulega frekar verið ætluð fullorðnum en börnum.

Sagt er að ævintýrið feli í sér umræðu um muninn á því lærða og hinu náttúrulega í listum (Brix og Jensen, 1919: 379). Hið náttúrulega í ævintýrinu væri væntanlega næturgalinn er bjó í garði keisarans í Kína og það lærða væri hinn upptrekkti næturgali sem keisarinn fékk sendan. Andersen hefur því verið að benda fullorðnum á að það upprunalega og ósvikna hefur vinninginn fram yfir hið ónáttúrulega og tilbúna. Það

fallega og sanna býr í því einfalda. Náttúrulegi næturgalinn lifði lengur en sá upptrekkti og gaf meira af sér þegar upp var staðið, rétt eins og Andersen sjálfur, með sína náttúrulegu hæfileika og skort á menntun. Sögur hans áttu hins vegar eftir að lifa lengur en list samtímamanna hans sem þóttu sprenglærðir í sínu fagi og voru það þeir sömu og hann laut í lægra haldi fyrir þegar hann var ungur að árum í Kaupmannahöfn.

Ævintýrið um næturgalann snýst ekki einvörðungu um listir heldur var fyrirmynd næturgalans í ævintýrinu óperusöngkonan Jenny Lind. Henni kynntist Andersen og varð ástfanginn af þegar hún kom í heimsókn til Danmerkur í september árið 1843 (Brix og Jensen, 1919: 379-380). Þetta var hins vegar ekki í fyrsta skiptið sem Andersen og sænski næturgalinn, eins og hún var kölluð, hittust samkvæmt einni af ævisögum Andersens. Jackie Wullschlager, rithöfundur, rit- og listrýnir hjá tímaritinu *Financial Times*, heldur því einnig fram að það sem liggi í raun á bak við ævintýrið sé sú staðreynd að Jenny Lind hafi bjargað sál Andersens frá dauða með því að styrkja trú hans á listum (Wullschlager, 2000: 211, 225-226). Þá er Andersen sjálfur Kínakeisarinn og Lenny Lind næturgalinn. Í þessu ævintýri var Andersen því að koma sögu til skila sem var ekki endilega ætluð börnum.

4.1.7 Litli ljóti andarunginn

Litli ljóti andarunginn er eitt af þekktustu ævintýrum Andersens. Eins og áður var minnst á hefur ævintýrið verið álitið dulin sjálfsævisaga hans. Kristján Jóhann Jónsson, íslenskufræðingur, telur ævintýrið vera lýsingu á ævi Andersens. Hann segir hins vegar að meira liggi á bak við ævintýrið en dulin sjálfsævisaga, því annars hefði ævintýrið aldrei hlotið þann mikla meðbyr sem það fékk. Kristján telur ævintýrið segja frá þeim breytingum er urðu í evrópskum samfélögum samfara iðnbyltingunni. Þá tók borgarastéttin völdin af aðlinum. Kristján kemur með greinargóða lýsingu á þessum breytingum og segir: „Það hættir að skipta máli hvort þú hefur alist upp við andapollinn en fer að skipta öllu máli hvort þú hefur legið í svanseggi“ (Kristján Jóhann Jónsson, 2005a: 9). Með þessum orðum á hann við að hæfileikar séu brýnni en blóðbönd. Ljóst er að þessi skilaboð sem Anderen hefur viljað koma til skila í gegnum ævintýrið hafi fremur verið ætluð fullorðnum en börnum. Andersen gagnrýnir því enn og aftur stéttaskiptinguna og í þetta sinn virðist hann vilja leggja áherslu á að hægt sé að brjótast undan henni séu einhverjir hæfileikar til staðar.

Hægt er að ímynda sér að það sem nái fremur til barna en fullorðinna sé hið einfalda myndmál sem sýnir að fegurðin kemur innan frá en ekki að utan. Einnig sýnir ævintýrið að ekki er ákjósanlegt að dæma aðra út frá útlitinu, eða eins og orðatiltækið segir: Ekki dæma bók af kápunni. Í ævintýrinu gerðu hinar endurnar í andagarðinum grín að útliti andarungans því hann var ekki eins og aðrir andarungar en skeyttu engu um það hvaða innri mann eða önd hann hafði að geyma. Einnig gæti ævintýrið átt vel við í eineltisumræðunni nú til dags vegna framkomu annarra í garð andarungans. Vanlíðanin sem hlýst af eineltinu gagnvart andarunganum er bersýnileg og á endanum var hún það mikil að andarungann langaði mest til að deyja þegar hann sá hina svanina en hafði ekki áttað sig á því að hann væri sjálfur orðinn að fallegum svani.

Andersen virðist einnig vilja leggja áherslu á að það þurfi ekki allir að vera eins. Þó einhver sé öðruvísi þá er ekki í lagi að gera gys að þeim einstaklingi. Andarunginn var öðruvísi í útliti en hinar endurnar og var það eina ástæða þess að þær snerust gegn honum. Andarunginn var útskúfaður fyrir að vera ekki nákvæmlega eins og eftir uppskrift. Skilaboðin gætu vel átt við í dag. Fordómar fyrir hinu óþekkta og öðruvísi eru og hafa alltaf verið til í samfélögum. Andersen virðist einnig gagnrýna þá þörf fólks að draga aðra í dilka ef það er öðruvísi. Þessi tilteknu skilaboð gætu náð jafnt til barna sem og fullorðinna þar sem þau eru á svipuðum nótum og sá boðskapur að dæma ekki bókina af kápunni.

Jackie Wullschlager, sem nefnd var hér að framan, skrifaði ævisögu Andersens og nefnist hún *Hans Christian Andersen: The Life of a Storyteller*. Í ævisögunni segir Wullschlager að ævintýrið nái vel til barna og spyr hvaða barn hafi ekki upplifað vanrækslu eða ímyndað sér að það sé í raun komið af hátt settri fjölskyldu en hafi fyrir mistök lent hjá þeim sem misskildu það og ekki metið það að verðleikum (Wullschlager, 2000: 224). Wullschlager vill því halda því fram að ævintýrið nái til barna vegna þeirrar tilfinningar sem hún segir mörg börn hafa upplifað, að finnast maður eiga heima annars staðar. Fullyrðing Wullschlager á eflaust við hjá mörgum börnum en varasamt er að fullyrða að öll börn hafi fundið fyrir þessari tilfinningu.

Guðrún Höskuldsdóttir, fædd árið 1977, var ein af þeim einstaklingum sem deildi því ásamt öðrum í tímaritinu *Börn og menning* hvaða ævintýri Andersens væri í uppáhaldi hjá sér. Uppáhalds ævintýri hennar er *Litli ljóti andarunginn* og telur hún það stafa af því að sagan snerti hana persónulega, því hún man eftir því „að hafa skynjað göfugan boðskapinn, án þess þó kannski að skilja“ (Guðrún Höskuldsdóttir, 2005: 11). Hið merkilega er að hún segist ekki hafa lagt skilning á boðskapinn en hún gefur þó ekki

upp hvaða boðskap hún á við. Þetta þarf ekki að vera einsdæmi og getur átt við önnur ævintýri sem og aðra lesendur og hlustendur og þá sér í lagi börn. Þau skynja ef til vill að boðskapur sé til staðar, en skilja hann ekki endilega.

4.1.8 Stoppunálin

Stoppunálin var samin eftir pöntun ef svo má að orði komast. Andersen, ásamt fleiri listamönnum, fékk að dvelja á sveitasetrinu Nysø öðru hverju þar sem Christine Stampe barónessa átti heima, en hún gaf meðal annars myndhöggvaranum Bertel Thorvaldsen sumarhús þar (Wullschlager, 2000: 184). Sumarið 1846 var Andersen í einni af lengri heimsóknum sínum á Nysø með Thorvaldsen, sem hrifinn var af nokkrum ævintýra Andersens, meðal annars *Litla ljóta andarunganum*. Thorvaldsen á að hafa sagt eitt sinn við Andersen að nú skyldi hann að semja nýtt ævintýri sem væri fyndið og að hann gæti alveg eins látið það fjalla um stoppunál (Brix og Jensen, 1919: 386). Því er það hugsanlegt að ekki liggi jafn mikið að baki því ævintýri þar sem það var gert eftir pöntun. Þó er það ekki endilega raunin. Líkt og fram kom í kafla 3.3.8 þá hafði Andersen minnst á ævintýri um stoppunál áður en hann samdi það. Það var í ævintýrinu *Óli Lokbrá* og bað sögupersónan Hjálmar Óla Lokbrá um að fá að heyra ævintýrið um stoppunálina fyrir svefninn. Beiðni Thorvaldsens hefur því ekki verið eins handahófskennd og leit út fyrir í fyrstu.

Burtséð frá því hvort ævintýrið hafi verið samið eftir eftirspurn eður ei þá hlýtur að vera eitthvað við það sem nær til barna eða jafnvel fullorðinna. Það fyrsta sem vekur líklega athygli lesenda eða hlustenda er hversu stórt stoppunálin lítur á sig. Hún er góð með sig og vill meina að hún sé svo fíngerð að hún sé í raun saumnál. Eftir að hafa brotnað þegar hún var notuð í að sauma saman of þykkt leður var hún límd saman og notuð sem brjóstnæla til að festa vasaklút. Við það hlutverkaskipti ofmetnaðist stoppunálin enn frekar og féll ofan í niðurfall á vaski er hún var að sýna hversu stór hún var miðað við raunverulega brjóstnælu. Allt sem stoppunálin gerði og sagði snerist því um það að hún væri fínni og betri en hún var í raun.

Boðskapurinn sem gæti legið að baki ævintýrisins er sá að fólk ætti ekki að líta of stórt á sig, líkt og stoppunálin gerðist sek um. Ofmetnaðurinn reyndist stoppunálinni dýrkeyptur, enda liggur hún, samkvæmt ævintýrinu, enn úti á götu þar sem enginn tekur eftir henni. Sá boðskapur getur höfðað til allra aldurshópa þar sem börn ættu einnig að geta skilið hann. Það getur þó reynst stutt vegalengd frá því að vera sjálfumglaður til

sjálfsöryggis. Að einhverju leyti má líta á stoppunálina sem sjálfsörugga en ætli hún hafi ekki verið of örugg og því lent í þeim hremmingum að detta niður niðurfallið á eldhúsvaskinum. Andersen var því að koma þeim skilaboðum áleiðis að þeir sem ofmetnast, eins og stoppunálin, gætu átt von á háu falli.

Andersen gagnrýnir enn og aftur tilgerð, rétt eins og í *Svínahirðinum* og *Næturgalanum*, en hér er það tilgerð stoppunálarinnar sem er gagnrýnd. Hún þykist vera eitthvað annað en hún er í raun. Andersen vill greinilega koma því til skila til fullorðinna og barna að tilgerð sé ekki eftirsóknarverður eiginleiki að hans mati. Að vera maður sjálfur, bæði fyrir öðrum og sjálfum sér, kemur manni lengra í lífinu. Ef stoppunálin hefði sýnt sitt raunverulega sjálf hefði henni vegnað betur í lífinu og jafnvel verið hamingjusamari þar sem hún væri ekki sífellt að sækjast eftir því að vera önnur en hún var. Hamingjan leynist því í sannleikanum og sátt við sjálfan sig.

4.1.9 Rauðu skórnir

Við ævintýrið *Rauðu skórnir* ritar Andersen athugasemd þar sem hann minnist fermingar sinnar (Alderson, 2005b: 916). Í sjálfsævisögu sinni segir hann frá því samviskubiti sem hann var haldinn eftir að hafa hugsað einungis um nýju leðurstígvélin sín meðan á fermingarathöfninni stóð og segir hann:

> ...og for første Gang i mit Liv fik jeg Støvler; min Glæde var overordenlig, kun frygtede jeg at ikke Alle skulde see dem, og derfor trak jeg Skafterne op over Beenklæderne og gik saaledes op ad Kirkegulvet, Støvlerne knirkede og det frydede mig i mit Indeste at Menigheden nu kunde høre de var ny, al min Andagt var forstyrret, og jeg følte det og havde tillige en gruelig Samvittigheds Qval over, at min Tanke var ligesaa meget hos mine Støvler, som hos den gode Gud; jeg bad ham ret i mit Hjerte tilgive mig og tænkte saa igjen paa den nye Støvler. (Andersen, 1942: 28)

Þegar þetta tiltekna brot úr *Mit eget Eventyr uden digtning* er skoðað þá mætti jafnvel halda að stúlkan í ævintýrinu *Rauðu skórnir*, Karen, hafi skrifað þetta sjálf. Andersen og Karen voru bæði efnalítil og því glöddust þau bæði þegar þau fengu glænýja skó, því það var síður en svo algengt. Stúlkan býr yfir sömu tilfinningum í fermingu sinni og Andersen og veitir því sem fer fram kringum hana litla athygli. Hugur hennar liggur hjá nýju leðurskónum. Það er því greinilegt að Andersen byggði ævintýrið á endurminningum sínum.

Svo virðist sem fleiri endurminningar Andersens hafi fengið að rata í þetta tiltekna ævintýri. Rithöfundurinn Brian Alderson, sem einnig hefur þýtt ævintýri yfir á ensku, skrifaði formála og tók saman athugasemdir við ævintýri Andersens í einni útgáfu ævintýrasafns hans og kallast það *Hans Christian Andersen: The Complete Stories.* Alderson heldur því fram að finna megi æskuminningu um föður Andersens í ævintýrinu. Þessi tiltekna minning fjallar um það þegar föður Andersens, sem var skósmiður, tókst ekki að gera nægilega fína skó úr silki fyrir greifynju nokkra (Alderson, 2005b: 916). Í ævintýrinu á sér stað atvik sem er keimlíkt því sem faðir Andersens upplifði, en rauðu skórnir sem ævintýrið fjallar um eru skór sem skósmiður hafði upphaflega búið til fyrir barn greifa en að lokum kom í ljós að þeir pössuðu ekki á barnið. Það mætti því halda að ævintýrið væri gagngert samið eftir endurminningum Andersens. Ef svo er þá er það líklega ekki eitthvað sem Andersen hefur ætlað yngsta markhópnum vegna lítillar vitneskju þeirra um ævi hans. Einstaklingar sem ekki hafa kynnt sér ævi Andersens taka síður eftir þeim endurminningum sem hann heimfærir yfir í ævintýri sín.

Það sem vekur athygli við lestur ævintýrisins, fyrir utan endurminningar Andersens, er áherslan á Guð og kristna trú. Það er ekki fyrr en stúlkan biður til Guðs og í einlægni sér eftir hegðan sinni að hún hlýtur miskunn. Kristin trú skiptir því sköpum og ein af aðal áherslum ævintýrisins er að stúlkan kemst ekki í messu út af skónum sem hún hafði girnst. Það mætti segja að ævintýrið sé eins og dæmisaga um græðgi og hvernig fer fyrir þeim sem láta undan henni. Tíunda boðorðið í kristinni trú segir að enginn skuli girnast nokkurn hlut sem náungi manns eigi. Karen ásældist einmitt rauðu skó prinsessunnar sem hún hafði séð. Braut hún því í raun tíunda boðorðið og fékk einnig sína eigin rauðu skó, svipaða og prinsessunnar, og varð það henni að falli. Skilaboðin með þessu tiltekna ævintýri hafa því verið að ekki skuli láta græðgina taka völdin þegar kemur að veraldlegum hlutum. Hin sönnu verðmæti eru trúin og heiðarleikinn og þeim þarf að hlúa að. Veraldlegir hlutir, líkt og rauðu skórnir, veita einungis skammvinna ánægju og þjóna hégómagirndinni. Þörf áminning til allra er að græðgi leikur fólk illa og sú áminning nær jafnt til fullorðinna sem barna. Því er sá möguleiki fyrir hendi að Andersen sé ekki einungis að skrifa til fullorðinna í gegnum börnin í þessu tiltekna ævintýri, ef óbein frásögn hans úr æsku er undanskilin.

4.1.10 Litla stúlkan með eldspýturnar

Síðast en ekki síst er það ævintýrið *Litla stúlkan með eldspýturnar* en eins og fram kom í kafla 3.3.10 samdi Andersen ævintýrið út frá mynd af lítilli fátækri stúlku með eldspýtur. Ástæðan fyrir því að málverkið varð uppspretta þessa ævintýris var sú að Andersen fékk þá beiðni að semja ævintýri fyrir danska dagatalið og varð hann að semja út frá einni af þremur myndum (Brix og Jensen, 1919: 393). Þetta er eitt af þekktustu ævintýrum Andersens en eymd litlu stúlkunnar hefur fangað athygli margra. Margrét Tryggvadóttir sem áður hefur verið nefnd (sjá kafla 4.1.1) segir kjarna þessa ævintýris vera „lausn dauðans frá eymd og fátækt“ (2005: 38). Litla stúlkan hlaut ekki hamingju fyrr en á dánarstund þegar henni birtist ýmsar fallegar sýnir eftir að hún hafði kveikt á eldspýtunum til að halda á sér hita. Eldfærin átti hún að selja fyrir fjölskyldu sína. Dauðinn hrífur hana frá þeirri vesæld sem hún hafði þurft að búa við í lifanda lífi.

Trúin á Guð og himnaríki spilar stórt hlutverk í þessu ævintýri þar sem litla stúlkan endar í himnaríki hjá Guði með ömmu sinni. Því má með sanni segja að betra líf hafi beðið hennar. Trúin á betri og fallegri stað eftir dauðann, ef einstaklingur breytir rétt, er til staðar í ævintýrinu. Hins vegar virðist ríkari áhersla lögð á rangt framferði almennings í ævintýrinu, en dyggðir stúlkunnar. Eins og Margrét bendir á þá berst söguhetja hefðbundinna ævintýra oftast við hið illa og ber sigur úr býtum, en í þessu ævintýri er hin dyggðum prýdda stúlka til staðar en ekkert illt til að brjóta á bak aftur. Það er einna helst afskiptaleysi samfélagsins sem kemst næst því að vera hið illa. Margrét segir að þetta sé börnum í dag nær óskiljanlegt (2005: 39), en vera má að ævintýrið hafi höfðað betur til barna hér áður fyrr. Samfélagsábyrgð er því áberandi og virðist sem svo að Andersen sé að reyna að vekja þau til umhugsunar sem lifa í allsnægtum en gefa aftur á móti ekkert til þeirra sem minna mega sín. Þótt börn nútímans skilji ekki endilega þessa hlið ævintýrisins þá er líklega margt annað sem nær til þeirra.

Ef tilvitnanir í tímaritinu *Börn og menning* eru skoðaðar á nýjan leik þá eru þrír einstaklingar sem hafa valið *Litlu stúlkuna með eldspýturnar* sem sitt eftirlætis ævintýri. Ein þeirra er stúlka sem var átta ára er hún var spurð um sitt uppáhalds ævintýri og heitir hún Erna Rún Ólafsdóttir. Hún segir að ævintýrið sé „um að við eigum að hjálpa fátæku fólki á áramótunum. Mér finnst hún skemmtileg og finnst litla stelpan hugsa mikið“ (2005: 55). Hér sést það glögglega að boðskapurinn nær til barna. Þó hún taki það einungis fram að það þurfi að hjálpa fátæku fólki á áramótunum þá áttar hún sig samt sem áður á þeim boðskap sem Andersen hefur viljað koma á framfæri, að þótt fólk sé fátækt

eigi það samt ekki að vera látið afskiptalaust. Mikilvægt er að aðstoða þá sem minna mega sín. Hólmfríður Valdimarsdóttir var einnig ein af þeim þremur sem valdi *Litlu stúlkuna með eldspýturnar* sem sitt uppáhaldsævintýri og sagðist hún hafa kennt svo í brjósti um hana vegna bágra kjara hennar (2005: 34). Það er því samkennd með litlu stúlkunni sem virðist oft kvikna meðal lesenda eða hlustenda ævintýrisins og á það líklega bæði við um fullorðna og börn.

Andersen gagnrýnir enn og aftur stéttaskiptinguna og gerir það hér á þann hátt að samúð er vakin með litlu fátæku stúlkunni. Ekki fer lítið fyrir þeirri gagnrýni en stúlkan er látin hýrast úti í kuldanum á meðan aðrir skemmta sér. Einnig vekur Andersen meiri athygli á þessu með því að láta ævintýrið eiga sér stað á áramótunum, þegar flestir njóta sín og leyfa sér að borða nóg af mat og eyða hugsanlega meira en á venjulegu kvöldi. Örlög stúlkunnar, það er dauði hennar, í enda ævintýrisins vekja meiri samúð hjá þeim sem gætu breytt rétt og veitt þeim hjálp sem þurfa. Nokkuð greinilegt þykir að ætlunarverk Andersens sé að knýja fram sterk viðbrögð meðal lesenda eða hlustenda og gerir hann það með því að láta stúlkuna deyja drottni sínum.

4.2 Sameiginlegur boðskapur ævintýranna

Ákveðin skilaboð og umfjöllunarefni koma endurtekið fyrir í ævintýrum Andersens. Hann gagnrýnir stéttaskiptingu í nokkrum ævintýrum og virðist hún því vera ofarlega í huga hans. *Murusóleyin, Staðfasti tindátinn, Litli ljóti andarunginn* og *Litla stúlkan með eldspýturnar* innihalda öll ákveðin skilaboð um stéttaskiptingu. Oftast gagnrýnir Andersen stéttaskiptinguna og bendir á að þeir háttsettu ættu að gefa eitthvað af sínu til þeirra sem minna mega sín. *Litla stúlkan með eldspýturnar* er eitt af ævintýrunum sem sýnir þetta hvað skýrast. Þó virðist Andersen einnig gagnrýna fólk sem er ekki samkvæmt sjálfu sér, eins og í *Stoppunálinni*, eða reynir að brjóta sér leið út úr stéttaskiptingunni, eins og í *Staðfasta tindátanum*. Því er það misjafnt hvort Andersen deilir gegn stéttaskiptingunni eða þeim fjarstæðukennda möguleika að geta brotið sér leið út úr henni.

Andersen bjó líklegast yfir öðru sjónarhorni en margir þeirra sem hann umgekkst eftir að hafa náð frægð vegna þeirra aðstæðna sem hann fæddist og ólst upp í. Fátæktin sem hann upplifði sem lítill drengur hefur mótað hann og skoðanir hans gagnvart stéttaskiptingu og fátækt. Frægðin og allsnægtin á síðari árum ævi hans hefur aftur á móti líklega einnig haft sín áhrif, því hann bjó yfir þeirri sérstöðu að geta sett sig í spor þeirra

lægst settu sem og þeirra hærra settu. Það skýrir mögulega flakk hans á milli þess að vera með eða á móti stéttaskiptingu.

Listir virðast einnig hafa verið ofarlega í huga Andersens, til dæmis þegar hann deilir á snobb almennings og veltir því fyrir sér hvort hið lærða eða hið náttúrulega hafi yfirburði þegar kemur að listum. Andersen virðist vera þeirrar skoðunar að hið náttúrulega hafi vinninginn fram yfir það lærða, líkt og glögglega sést í ævintýrunum *Næturgalinn* og *Svínahirðirinn*. Hann deilir nokkrum sinnum á það tilgerðarlega. Í því samhengi má nefna dæmi úr *Svínahirðinum* þar sem illa fer fyrir keisaradótturinni fyrir að kjósa tilbúna og manngerða hluti fram yfir það náttúrulega, enda er hún bæði rekin úr ríkidæmi föður síns og vonbiðils hennar. Yfirburðir hins náttúrulega koma einnig skýrt fram í sögunni um *Næturgalann*. Upptrekkti fuglinn hættir að lokum að syngja en sá lifandi, hinn náttúrulegi, heldur tryggð við keisarann fram í rauðan dauðann.

Trúin virðist vera enn eitt hugðarefni Andersens. Trúin á betra líf eftir dauðann og að sinna trúnni eru endurtekin stef sem koma fyrir í ævintýrum hans. Andersen kemur þeim skilaboðum til lesenda og hlustenda að hlúa skuli að andlegu hliðinni fremur en að umvefja sig veraldlegum hlutum. Myndbirting þess er skýr í ævintýrinu *Rauðu skórnir*. Þar er aðalsögupersónunni refsað fyrir að girnast veraldlega hluti og fyrir að setja þá framar trúnni. Sögupersónan losnar ekki undan refsingunni fyrr en hún veitir trúnni og Guði athygli sína.

Í framhaldi af áherslu á trúna er náungakærleikurinn stef sem kemur einnig fyrir í ævintýrum Andersens. *Murusóleyin* og *Litla stúlkan með eldspýturnar* eru dæmi um ævintýri sem sýna mikilvægi náungakærleikans. Þetta kemur skýrt fyrir í *Litlu stúlkunni með eldspýturnar* en þar eru dramatísk örlög litlu stúlkunnar afleiðing þess að samborgarar hennar sýndu ekki náungakærleik og hugsuðu einungis um sjálfa sig á meðan nýársfögnuðinum stóð. *Murusóleyin* kennir einnig lesendum og hlustendum að mikilvægt sé að bera virðingu fyrir náunganum og koma vel fram við aðra, og þar með talið náttúruna. *Litli ljóti andarunginn* leggur einnig áherslu á náungakærleikann. Andersen sýnir þá illu meðferð sem andarunginn þarf að þola og vansældina sem hann upplifir þar af leiðandi. Með því að láta andarungann þrá dauðann frekar en lífið sýnir hann hversu mikilvægt það er að koma vel fram við aðra.

Áðurnefnd Maria Tatar segir í bók sinni, *Off with Their Heads! Fairy Tales and the Culture of Childhood* að Andersen geri út á eymd og þjáningar í ævintýrum sínum og sé snillingur í því. Hann eigi auðvelt með að framkalla sterk viðbrögð þeirra sem lesa eða hlusta á ævintýrin og gerir það með því að hafa hlutina eins lýsandi og hægt er. *Litla*

stúlkan með eldspýturnar er eitt af ævintýrum Andersens sem vekur hvað mesta samúð meðal lesenda (1992: 43-45). Með því að lýsa á nákvæman hátt hvernig litla stúlkan var berfætt, segja frá því að ekkert betra biði hennar heima og lýsa allsnægtum annarra nær hann að framkalla sterk viðbrögð. *Staðfasti tindátinn* er annað ævintýri Andersens þar sem hann dregur ekkert úr lýsingum á þjáningum sögupersónunnar. Tindátinn er einfættur en samt sem áður staðfastur og þjáist þögull. Hann upplifir ýmislegt niðurlægjandi á ferðalagi sínu, eins og til dæmis að vera spurður um skilríki af rottu á ferð sinni um ræsið, vera gleyptur af fiski og að vera hent í kolaofninn, en er ætíð jafn staðfastur (Tatar, 1992: 45-46). Það er því ekki einungis eitt atriði sem sýnir eymd tindátans heldur lætur Andersen niðurlægja hann aftur og aftur og ýkir þannig eymdina. *Litli ljóti andarunginn* er enn eitt ævintýri Andersens þar sem hann spilar með þjáningar sögupersónunnar. Hvorki eitt einasta dýr né maður kom vel fram við andarungann. Öndin sem hélt að hann væri andarunginn sinn var sú eina sem kom honum til varnar. Eymdin er mikil í ævintýrinu þar sem andarunganum er sífellt hafnað og hefur höfnunin og stríðnin það mikil áhrif á hann að hann þráir ekkert heitar en að deyja.

Þau skilaboð sem Andersen vill koma til skila taka að sjálfsögðu mið af því samfélagi sem hann bjó í. Eins og áður hefur komið fram benti Carsten Høgh á að listævintýri væru samin í samhengi við samfélag höfundar þeirra en lituðust þó ætíð af skoðunum höfundarins og hugmyndafræði (Høgh, 1999: 15). Þetta á við um ævintýri Andersens þar sem ádeilur á stéttaskiptingu og áminningar um mikilvægi trúarinnar og náungakærleikans koma oft fyrir. Andersen deildi þannig á samfélag sitt í gegnum ævintýrin en eins og áður kom fram þá hefur hans persónulega reynsla af stéttaskiptingunni haft áhrif á skoðanir hans. Til að rökstyðja þessa fullyrðingu er einnig hægt að líta til danska þjóðfræðingsins Bengt Holbeks. Í bók sinni, *Interpretation of Fairy Tales: Danish Folklore in a European Perspective*, greinir Holbek ævintýri með tilliti til sagnafólks í Danmörku. Hann segir að ævintýri fjalli ætíð á einhvern hátt um samfélag sagnamannsins og að hægt sé að ræða vonir, vandamál og hugmyndir samfélagsins í ævintýrum (1998: 435). Þótt Holbek miði greiningu sína við munnmælaævintýri sagnamanna þá á fullyrðing hans um að ævintýrin endurspegli samfélagið við hér. Þannig ræðir Andersen það sem honum finnst að betur megi fara í því samfélagi sem hann býr í og með þeim hætti endurspeglar hann samfélagið í ævintýrunum sínum.

Jack Zipes hélt því einnig fram að á tímum rómantíkur hafi höfundar listævintýra farið að ætla ævintýrum sínum að vekja fólk til umhugsunar um list, menntun, ást og

heimspeki (sjá kafla 2.2). Þessi fullyrðing hans á við um ævintýri Andersens þar sem hugðarefni hans eru meðal annars listir og ást. Eitt af ævintýrum Andersens inniheldur bæði atriðin, en það er *Svínahirðirinn*. Þar vill svínahirðirinn ekkert heitar en að vinna ást keisaradóttur en einnig er önnur minna áberandi umræða þar og er hún um listir líkt og áður hefur verið fjallað um. Það eru því ákveðin stef sem Andersen leggur áherslu á að koma á framfæri. Sum virðast vera fyrirferðameiri en önnur og svo virðist sem Andersen leggi ríkari áherslu á stéttaskiptinguna en annað. Skilaboðin eru misjafnlega skýr og oft á tíðum þarf að rýna vel í ævintýrin til að taka eftir boðskap hans.

4.3 Barna- og/eða fullorðinsævintýri

Í umfjöllun um ævintýrin kemur bersýnilega í ljós að ýmislegt leynist í þeim sem gæti reynst lesendum eða hlustendum hulið við fyrstu kynni. Það eru því atriði í ævintýrum Andersens sem ná bæði til barna og fullorðinna. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að fræðimenn séu sammála um það hvort ævintýrin höfði fremur til fullorðinna eða barna og þá einnig hvort Andersen hafi ætlað ævintýri sín ákveðnum markhópi.

Edith Koenders tók þátt í fyrstu Alþjóðlegu ráðstefnunni um Hans Christian Andersen sem haldin var 25. til 31. ágúst árið 1991. Hún hélt fyrirlestur um hollenskar þýðingar á ævintýrum Andersens og og velti fyrir sér þeirri spurningu hvort ævintýrin væru ætluð börnum eða fullorðnum. Koenders tekur það fram að erindi hennar á ráðstefnunni sé ekki vettvangurinn til að velta því fyrir sér hvort textar Andersens séu í sjálfu sér barna- eða fullorðinsbókmenntir, þótt margir Danir líti á Andersen sem rithöfund barnabókmennta sem og fullorðinsbókmennta. Hún reynir að komast að því hvort hollensku þýðingarnar séu í samræmi við upphaflega texta Andersens og kemst að þeirri niðurstöðu að þýðingarnar hafi fyrst og fremst verið gefnar út sem barnaævintýri (Koenders, 1993). Hún telur Dani nokkuð sammála því að ævintýri Andersens höfði jafnt til fullorðinna sem barna en í Hollandi séu ævintýrin aðallega stíluð á börn.

Erik Dal fjallar í kafla sínum, „Hans Christian Andersen in Eighty Languages“, í bókinni *A Book on the Danish Writer Hans Christian Andersen: His Life and Work* um að í öðrum löndum, utan Danmerkur, geti fólk misskilið hinn upphaflega tilgang verka Andersens. Þá á hann við að þegar einstaklingar í öðrum löndum en Danmörku lesi verk hans þá hafi þeir einungis takmarkaðan aðgang að verkum hans og þá þýðingum sem tekist hafa misvel. Hann bætir því einnig við að höfundurinn vilji þá gjarnan gleymast. Dal vitnar í Egon Friedell, sagnfræðing og heimspeking. Hann hélt því fram að Andersen

hefði skrifað fyrir börn og því trúðu fullorðnir því að verk hans væru ekki nógu góð fyrir sig. Andersen er þó í raun annað og meira en einungis einstaklingur sem skrifaði einvörðungu fyrir börn, en það á til að gleymast að hans mati (1955: 200-201). Því er mögulegt að litið sé á ævintýri Andersens sem barnasögur utan landsteina Danmerkur.

Brian Alderson, sem áður hefur verið nefndur, skrifaði formála við áðurnefnt ævintýrasafn Andersens sem hann sá um, *Hans Christian Andersen: The Complete Stories*. Alderson er sammála Dal um að með þýðingu á ævintýrum Andersens og mörgum útgáfum ævintýra hans þá sé frekar litið á ævintýrin sem verk fyrir börn. Það hversu oft ákveðin ævintýri Andersens hafa verið gefin út skyggir einnig, að mati Aldersons, á aðrar sögur eftir hann, sem eru alls ekki einungis ætlaðar börnum (2005a: xiv). Sú staðreynd að oftast nær sé einungis einblínt á nokkur ákveðin ævintýri eftir Andersen ýtir undir þá hugmynd að öll ævintýri hans hafi verið skrifuð sérstaklega fyrir börn.

Við upphaf ævintýraskrifa Andersens voru ævintýrin hans ekki talin vera hluti af bókmenntamenningu samtímans. Barnabækur áttu ekki að hafa skemmtanagildi heldur áttu þær að kenna siðferði og vera fræðandi (Wullschlager, 2000: 145). Bækur sem sérstaklega voru samdar fyrir börn voru að mestu leyti óþekkt fyrirbæri þangað til fyrir um 200 árum. Barnabókaiðnaðurinn fór ekki að blómstra fyrr en á seinni hluta 19. aldar og þá höfðu fullorðinsbókmenntir, eins og við þekkjum þær í dag, verið til í um 100 ár. Ástæðurnar fyrir þessu eru margar en ein af þeim mikilvægustu var sú að hugtökin „barn“ og „barnæska“ þekktust ekki á þessum tíma eins og þau þekkjast í dag (Shavit, 1999: 317). Það var því í raun ekki sjálfgefið að upphaflega hafi Andersen byrjað að nota orðið barn í titlunum á ævintýrasöfnum sínum, eins og í fyrsta ævintýrasafninu *Eventyr, fortalte for Børn*. Jack Zipes gengur jafnvel svo langt að segja að Andersen hafi myndað farveg fyrir listævintýri ætluð börnum (1991: 71). Því er óhætt að fullyrða að Andersen hafi verið einn af þeim fyrstu sem byrjaði að semja listævintýri sér í lagi fyrir börn, samkvæmt því sem Zipes telur. Ævintýri höfðu þó áður verið tileinkuð börnum og gefin út fyrir börn. Dæmi um þetta er ævintýrasafn Grimm-bræðra en af titlinum að dæma, *Kinder- und Hausmärchen*, höfðu þeir börn í huga þegar safnið var gefið út. Ævintýrin sem ævintýrasafn Grimm-bræðra innihélt voru hins vegar munnmælaævintýri en ekki listævintýri.

Kristján Jóhann Jónsson fjallar í grein sinni „Með dauða kráku, drullu og stakan tréskó“ um ritdóm Gríms Thomsen á ritsafni Andersens. Grein þessi birtist í ritinu *Skáldlegur barnshugur: H. C. Andersen og Grímur Thomsen* í tilefni 200 ára

fæðingarafmælis Andersens. Í grein sinni segir hann að Andersen sjálfur hafi verið barnslegur að mörgu leyti og þannig getað samsamað sig þeim börnum er hann tileinkaði ævintýrin. Kristján vitnar einnig í Grím Thomsen sem hélt því fram að ekki væri mögulegt að skrifa svo afburða vel og á jafn barnslegan máta en vera ekki barnslegur þess utan. Grímur telur Andersen þó semja jafnt fyrir börn og fullorðna (Kristján Jóhann Jónsson, 2005b: 30-31). Því virðist það vera nokkuð ljóst að Andersen höfðaði bæði til fullorðinna sem og barna en það sem gerði honum það mögulegt var hinn barnslegi ritháttur hans, sem gerði það að verkum að hann náði einkar vel til barna.

Jackie Wullschlager, sem áður hefur verið minnst á (sjá kafla 4.1.6), segir í ævisögu Andersens að hann hafi verið fyrstur til að uppgötva möguleikann á því að hafa tvöfalda merkingu, fyrir fullorðna og börn, á því sem hann samdi. Andersen talaði því oft í gegnum barn, leikfang eða húsdýr og kom þannig hugmyndum sínum á framfæri til fullorðinna og/eða barna (Wullschlager, 2000: 153). Samkvæmt Wullschlager skrifaði Andersen því ævintýrin meðvitað með tvöfaldri merkingu, svo bæði börn og fullorðnir hefðu dálæti af þeim.

Bókmenntafræðingurinn Søren Baggesen er á sama máli og Wullshclager og hélt hann einnig erindi á fyrstu Alþjóðlegu ráðstefnunni um Andersen. Baggesen segir að besta stutta skilgreiningin á barnabókmenntum sé sú að þær séu skáldskapur fyrir börn og um börn. *Æ*vintýri Andersens falla ekki undir þessa skilgreiningu að mati Baggesen, sem segir að þau fjalli um heim fullorðinna og að þema ævintýranna sé vandamál fullorðinna. *Óli Lokbrá* og *Litla stúlkan með eldspýturnar* eru þó undanskilin framangreindri fullyrðingu. Merkilegt er að ævintýrin séu samt sem áður lesin fyrir börn þó innihaldið fjalli um fullorðna að mati Baggesen. Hann telur að tvöföld merking sé í ævintýrunum og að það sé ástæðan fyrir velgengni þeirra. Hvernig Andersen gerði umfjöllun um vandamál fullorðinna skondna gerði það að verkum að óhætt var, og er, að lesa ævintýrin fyrir börn (Baggesen, 1993). Baggesen er á því máli að efni ævintýra Andersens nái betur til fullorðinna en vegna tvöfaldrar merkingar ævintýranna er hins vegar óhætt að kynna vandamál fullorðinna fyrir börnum og gera þau að sameign barna og fullorðinna.

Andersen hafði sjálfur skoðun á því hvort ævintýri hans væru ætluð fullorðnum eða börnum og hefur það áður komið fram í kafla 4.1. Bréfið til Ingemann var þó ekki eina tilvikið þar sem hann tjáði skoðun sína á ævintýrunum. Við útgáfu fyrsta ævintýrasafnsins sagði hann að ef hann hefði gefið ævintýrin út ein og sér þá hefðu þau fremur náð til barna; með því að gefa þau saman út í hefti þá næðu þau hins vegar einnig til fullorðinna. Foreldrarnir ná því dýpri merkingu ævintýranna ef þau standa saman í

söfnum frekar en ef þau standa eins og sér að mati Andersens (Andersen, 2003: 364). Hann fullyrðir því sjálfur að í ævintýrunum sé dýpri merking sem höfði frekar til fullorðinna. Að hans sögn eru ævintýrin því ekki einungis ætluð börnum eða fullorðnum heldur ættu allir aldursflokkar að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í sögum hans. Við athugun á ævintýrum Andersens er hægt að staðfesta fullyrðingar hans; ekki er um það að villast að skilaboð til fullorðinna og skilaboð til barna séu í ævintýrum hans.

Eins og fram kom í kafla 2.3 sagði Steven Swann Jones að undraævintýri falli í þrjá flokka eftir aldri lesenda eða áheyrenda. Freistandi væri að athuga hvort hægt væri að flokka ævintýri Andersens samkvæmt því. Samkvæmt þeirri athugun sem hér var gerð yrði það þó heldur torvelt enda innihéldu nokkur þeirra ævintýra sem tekin voru fyrir, ef ekki öll, boðskap til fullorðinna jafnt sem barna. Það væri því ekki hægt að setja ævintýrin í einungis einn flokk, heldur þyrfti að setja þau í að minnsta kosti tvo af þeim þremur flokkum sem Jones stakk upp á. Yfirleitt eiga ævintýrin þó heima í öllum flokkum Jones og til að nefna dæmi væri hæglega hægt að setja *Svínahirðinn* í alla þrjá flokkana. Það er eitthvað fyrir ung börn, táninga og fullorðna einstaklinga í ævintýrinu.

Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, skrifaði grein í tímaritið *Börn og menning* árið 2005 og segir þar að flest ævintýri nái til allra aldurshópa þar sem allt sem við höfum gert áður móti okkur og hafi áhrif á það hvernig við erum í dag. Það sem komandi framtíð hefur upp á að bjóða hefur einnig áhrif á okkur í dag og þar af leiðandi er erfitt að halda því fram að ákveðin ævintýri nái einungis til okkar á ákveðnum aldri en önnur á öðrum tíma ævinnar. Við lifum ekki á einangruðum æviskeiðum þar sem hvorki fortíð né framtíð hafa áhrif á okkur í núinu, svo upplifun okkar af ævintýrum geta hreinlega ekki einskorðast við aldur okkar einmitt á þeim tíma þegar við lesum eða heyrum þau. Stundum nær sá boðskapur sem ætlaður er börnum til fullorðinna þegar þau vilja líta til fortíðar og oft á tíðum nær sá boðskapur sem ætlaður er fullorðnum til barna þegar þau vilja horfa fram á við (2005: 33). Ævintýri Andersens eru ekki undanskilin þessu. Þó Andersen hafi einnig verið með fullorðna í huga þegar hann samdi ævintýrin þá geta þær frásagnir sem hann ætlaði fullorðnum einnig náð til barna og öfugt.

Ef til vill er óþarfi að flokka ævintýri Andersens í barna- og fullorðinsævintýri eftir þeim boðskap sem þau áttu að koma til skila. Margrét Tryggvadóttir segir svo í áðurnefndri grein sinni: „Það er eðlileg krafa að kjarni listaverksins lifi áfram í endurritun en á það ber að líta að við upplifum listaverk hver með sínum hætti“ (2005: 35). Þar sem Margrét skoðar hvort endurritanir á tveimur ævintýrum Andersens endurspegli

samfélagið sem þau eru skrifuð í, þá á sá hluti ekki endilega við hér. Það að einstaklingar upplifi listaverk, þar með talið ævintýri, á mismunandi vegu á hins vegar sannarlega við hér. Þó Andersen hafi ætlað börnum og fullorðnum ákveðinn boðskap í ævintýrunum þá getur hann alltaf breyst með tíð og tíma og þar af leiðandi einnig verið mismunandi eftir einstaklingum. Þetta getur verið jafnvel þó höfundur verksins hafi ætlað að koma einhverju ákveðnu til skila, eins og að Andersen hafi ætlað ákveðnum hlutum ævintýra sinna fullorðnum.

Niðurstöður

Hans Christian Andersen fullyrti að hann væri að skrifa til fullorðinna í gegnum börn í bréfi til Bernhard Severin Ingemann. Ævintýrin tíu sem tekin voru fyrir í þessari ritgerð höfðu öll að geyma einhver skilaboð til fullorðinna, þó misjöfn og í mismiklu magni. Þau skilaboð sem Andersen ætlaði fullorðnum í ævintýrum sínum eru til dæmis ádeila á snobb almennings, vangaveltur um hvort það lærða eða náttúrulega í listum sé betra. Einnig bendir hann á hræðslu fullorðinna við afhjúpun eða að sigla á móti straumnum og að fullorðnir kunni ekki að meta það sem þeir eiga eða hafa þangað til þeir missa það.

Svo virðist sem Andersen leggi áherslu á ákveðin stef og koma þau oftar fyrir í ævintýrunum en önnur. Ádeila á stéttaskiptingu kemur fyrir í nokkrum ævintýrum hans og er hann oftar á móti henni en með. Sérstaða Andersens eftir að hafa bæði tilheyrt lægri og hærri stéttum samfélagsins hefur líklega áhrif á skoðanir hans gagnvart stéttaskiptingu. Vangaveltur um hvort hið náttúrulega eða tilbúna í listum sé eftirsóknarverðara og verðmætara koma einnig nokkrum sinnum fyrir í ævintýrum hans. Það náttúrulega hefur vinninginn fram yfir það tilbúna í ævintýrunum og nefna má næturgalann í samnefndu ævintýri sem dæmi. Andersen hefur líklega beint umræðunni um stéttaskiptingu og ádeilu á listir að fullorðnum og eru þessi skilaboð ekki eins skýr og þau sem eiga að ná til barna. Þau síendurteknu stef og boðskapur ævintýranna hafa líklega mótast af umhverfi hans á þeim tíma sem hann skrifaði þau. Boðskapurinn á hins vegar enn við í dag og er jafnvel hægt að yfirfæra hann á nútímann.

Misjafnar skoðanir eru meðal fræðimanna hvort ævintýri Andersens séu einungis ætluð börnum eða bæði börnum og fullorðnum. Fáir eru þeirrar skoðunar að ævintýrin séu eingöngu fyrir fullorðna. Það er því yfirleitt eitthvað að finna fyrir börn í ævintýrunum. Boðskapur eða skilaboð sem Andersen hefur sérstaklega ætlað börnum getur aftur á móti náð til fullorðinna og öfugt. Einnig var hægt að finna skilaboð eða boðskap bæði til fullorðinna og barna í hverju einasta ævintýri sem tekið var fyrir hér að framan. Þar af leiðandi er nær ógjörningur að flokka ævintýrin niður eftir því hvort þau eigi frekar við börn eða fullorðna. Í framhaldi af því er vert að minnast þeirra orða Margrétar Tryggvadóttur sem fjallað var um í fjórða kafla um að upplifun einstaklinga á listaverkum sé ekki alltaf sú hin sama. Ævintýri Andersens eru engin undantekning á þessu og geta því túlkanir á þeim verið einstaklingsbundnar. Aftur á móti sýndi sú athugun sem hér var gerð fram á að ævintýri H. C. Andersens höfða vissulega til

fullorðinna ekki síður en til barna og líklega hefur sú staðreynd haft áhrif á vinsældir þeirra; vinsældir sem virðast hvergi vera að dvína vegna þessa stóra markhóps sem Andersen nær til.

Heimildaskrá

Frumheimildir

Andersen, Hans Christian. (1919). *H. C. Andersens eventyr* (1. og 2. bindi, ný útgáfa, Hans Brinx og Anker Jensen önnuðust útgáfu). Kaupmannahöfn: Gyldendal.

Dreyer, Kirsten (útg.). (1997). *H.C. Andersens brevveksling med Lucie og B.S. Ingemann* (1. bindi). Kaupmannahöfn: Museum Tusculanums Forlag.

Eftirheimildir

Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2005). Að sigra dreka: Hugleiðing um ævintýri, börn og fullorðna. *Börn og menning*, *20*, (1), 30-34.

Alderson, Brian. (2005a). Preface. Í Hans Christian Andersen, *The complete stories* (xiii xx). Jean Hersholt þýddi. London: The British Library.

Alderson, Brian. (2005b). The Editor's Notes upon the Stories (1949). Í Hans Christian Anderson, *The Complete Stories* (913-935). Jean Hersholt þýddi. London: The British Library.

Andersen, Hans Christian. (1942). *Mit eget eventyr uden digtning*. Kaupmannahöfn: H. Topsøe-Jensen.

Andersen, Hans Christian. (2003). Til de ældre læsere. Í Klaus P. Mortensen (ritstj.), *Andersen: H. C. Andersens samlede værker* (3. bindi, 364-365). Kaupmannahöfn: Gyldendal, Det danske sprog- og litteraturselskab.

Ása Helga Ragnarsdóttir. (2005). Ása Helga Ragnarsdóttir ´49. *Börn og menning*, *20*, (1), 41.

Baggesen, Søren. (1993). *Dobbeltartikulationen i H. C. Andersens eventyr.* Sótt 30. mars 2014 af http://www.andersen.sdu.dk/forskning/konference/tekst_e.html?id=9685.

Björn Þórisson. (2005). Björn Þórisson ´95. *Börn og menning*, *20*, (1), 13.

Brix, Hans og Jensen, Anker (útg.). (1919). Kommentar. Í Hans Christian Andersen, *H. C. Andersens Eventyr* (2. bindi, 377-403, ný útgáfa). Kaupmannahöfn: Gyldendal.

Dal, Erik. (1955). Hans Christian Andersen in Eighty Languages. Í Dr. S. Dahl og Dr. H. G. Topsøe-Jensen (ritstj.), *A Book on the Danish Writer Hans Christian Andersen: His Life and Work* (137-206, W. Glyn Jones þýddi). Kaupmannahöfn: Berlingske Bogtrykkeri.

Einar Ól. Sveinsson. (1940). *Um íslenzkar þjóðsögur*. Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann Filhés.

Erna Rún Ólafsdóttir. (2005). Erna Rún Ólafsdóttir ´97. *Börn og menning*, *20*, (1), 55.

Guðrún Höskuldsdóttir. (2005). Guðrún Höskuldsdóttir ´77. *Börn og menning*, *20*, (1), 11.

Holbek, Bengt. (1998). *Interpretation of Fairy Tales: Danish Folklore in a European Perspective* (FF Communications No. 239). Helsinki: Academia Scientiarum Fennica. (Upphaflega gefið út 1987.)

Hornyansky, Michael. (1969). The Truth of Fables. Í Egoff, S., Stubbs, G. T. og Ashley, L. F. (ritstj.), *Only Connect: Readings on Children's Literature* (121-132). London: Oxford University Press.

Hólmfríður Valdimarsdóttir. (2005). Hólmfríður Valdimarsdóttir ´25. *Börn og menning*, *20*, (1), 34.

Høgh, Carsten. (1999). *Eventyrleksikon*. Kaupmannahöfn: Rosinante.

Jones, Steven Swann. (1995). *The Fairy Tale: The Magic Mirror of Imagination*. New York: Twayne Publishers.

Klysner, Finn. (1999). Kommentarer. Í George Vejen og Per Kølle (ritstj.), *Eventyr og Historier* (1069-1085, 2. útgáfa). Kaupmannahöfn: Sesam.

Koenders, Edith. (1993). *H. C. Andersens eventyr på hollandsk - børne- og / eller voksenlitteratur?* Sótt 22. mars 2014 af http://www.andersen.sdu.dk/forskning/konference/tekst.html?id=9699

Kristján Jóhann Jónsson. (2005a). Andersen og ævintýrin. *Börn og menning*, *20*, (1), 6 15.

Kristján Jóhann Jónsson. (2005b). Með dauða kráku, drullu og stakan tréskó. Í Katrín Jakobsdóttir (ritstj.), *Skáldlegur barnshugur: H. C. Andersen og Grímur Thomsen* (13-37). Reykjavík: Mál og menning.

Larsen, Svend. (1955). The Life of Hans Christian Andersen. Í Dr. S. Dahl og Dr. H. G. Topsøe-Jensen (ritstj.). *A Book on the Danish Writer Hans Christian Andersen: His Life and Work* (13-95, W. Glyn Jones þýddi). Kaupmannahöfn: Berlingske Bogtrykkeri.

Margrét Tryggvadóttir. (2005). Andersen á okkar tímum. *Börn og menning*, *20*, (1), 35 41.

Møllehave, Johannes. (1999). Introduktion. Í George Vejen og Per Kølle (ritstj.), *H. C. Andersen Eventyr og Historier: Med introduktion af Johannes Møllehave* (5-60, 2. útgáfa). Kaupmannahöfn: Sesam.

Propp, Vladimir. (1968). *Morphology of the Folktale* (2. útgáfa, Laurence Scott). Austin: University of Texas Press.

Rossel, Sven H. (1980). Introduction: Hans Christian Andersen's Life and Authorship. Í Patricia L. Conroy og Sven H. Rossel (ritstj.), *Tales and Stories by Hans Christian Andersen* (xv-xxix). Seattle: University of Washington Press.

Shavit, Zohar. (1999). The Concept of Childhood and Children's Folktales: Test Case "Little Red Riding Hood". Í Maria Tatar (ritstj.), *The Classic Fairy Tales: Texts, Criticism* (317-332). New York: W. W. Norton & Company.

Tatar, Maria. (1992). *Off with Their Heads! Fairy Tales and the Culture of Childhood*. New Jersey: Princeton University Press.

Tatar, Maria. (1999). Introduction. Í Maria Tatar (ritstj.), *The Classic Fairy Tales: Texts, Criticism* (ix-xviii). New York: W. W. Norton & Company.

Woel, Cai M. (1949). *H.C. Andersens liv og digtning* (1. bindi). Kaupmannahöfn: Uhlmanske forlag.

Woel, Cai M. (1955). Hans Christian Andersen as an Example for Writers. Í Dr. S. Dahl og Dr. H. G. Topsøe-Jensen (ritstj.), *A Book on the Danish Writer Hans Christian Andersen: His Life and Work* (207-220, W. Glyn Jones þýddi). Kaupmannahöfn: Berlingske Bogtrykkeri.

Wullschlager, Jackie. (2000). *Hans Christian Andersen: The Life of a Storyteller*. London: Allen Lane.

Zipes, Jack. (1991). *Fairy Tales and the Art of Subversion: The Classical Genre for Children and the Process of Civilization*. New York: Routledge. (Upphaflega gefið út 1983.)

Zipes, Jack. (2000). Introduction: Towards a Definition of the Literary Fairy Tale. Í Jack Zipes (ritstj.), *The Oxford Companion to Fairy Tales* (xv-xxxii). Oxford: Oxford University Press.

Zipes, Jack. (2012). *The Irresistible Fairy Tale: The Cultural and Social History of a Genre*. Princeton: Princeton University Press.

Viðauki:

Andersen, Hans Christian. (1919). *H. C. Andersens eventyr* (1. og 2. bindi, ný útgáfa, Hans Brinx og Anker Jensen önnuðust útgáfu). Kaupmannahöfn: Gyldendal.

Viðauki

Full lengd þeirra ævintýra sem liggja að baki rannsóknarinnar: